

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð 59. Fjórðungspings Vestfirðinga
Þingeyri 3.-4. október 2014

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Þinggerð 59. Fjórðungspings Vestfirðinga

Föstudaginn 3. október 2014, var 59. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í félagsheimilinu á Þingeyri.

1. Þingsetning

Albertína F. Elíasdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 9:10 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Bar hún síðan upp tillögu að þingforseta og varaþingforseta. Þingforseti var kosin Nanný Arna Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórn í Ísafjarðarbæ og varaþingforseti var kosin Margrét Jómundsdóttir bæjarfulltrúi í Bolungarvíkurkaupstað.

Þingforseti, Nanný Arna Guðmundsdóttir, tók við stjórn fundarins og stakk upp á að þingið hæfist á því að þinggestir myndu kynna sig, þar sem um væri að ræða fyrsta þing eftir sveitarstjórnarkosningar. Eftir kynningu bauð þingforseti fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá þingsins.

Þingforseti bar upp tillögu að þingriturum. Þingritarar voru kosnir með lófaklappi Díana Jóhannsdóttir og Jón Jónsson starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Þá bar þingforseti upp tillögu að eftirfarandi nefndum og nefndarformönnum:

Kjörnefnd

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, formaður
Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
Magnús Jónsson, Vesturbyggð
Marta Kristín Pálmadóttir, Ísafjarðarbæ
Margrét Jómundsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað

Kjörbréfanefnd

Ágúst Már Gröndal, Reykhólahreppi, formaður
Nanna Áslaug Jónsdóttir, Vesturbyggð
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi

Allsherjarnefnd

Ása Dóra Finnbogadóttir, Vesturbyggð, formaður

Fjórðungsmálanefnd

Ingibjörg Emilsdóttir, Strandabyggð, formaður

Fjármálanefnd

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað, formaður

Allar tillögur þingforseta voru samþykktar með lófataki.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

2. Skýrsla stjórnar

Þingforseti gaf nú Albertínu Elíasdóttur formanni stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga orðið og flutti hún skýrslu stjórnar. Í skýrslunni fór formaður yfir störf stjórnar á árinu en mörg veigamikil verkefni hafa verið á borði Fjórðungssambandsins, þar á meðal sóknaráætlun landshluta og sameining Markaðsstofu og Menningarráðs við Fjórðungssamband Vestfirðinga sem hefur tekist mjög vel. Sveitarstjórnarmenn þurfi nú að ákveða hvert þeir stefni í framhaldinu, m.a. varðandi Atvinnuþróunarfélagið, en vilji sveitarstjórnarmanna var upphaflega sá að félagið yrði hluti af þeirri sameiningu. Albertína ræddi vinnuframlag stjórnarmanna FV og hvatti hún fundarmenn eindregið til að samþykkja tillögu um hækkun launa stjórnar sem fráfarandi stjórn legði fram.

Albertína sagði fátt mikilvægara fyrir Vestfirðinga en samstaða og að sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum vinni saman sem ein heild. Þá ræddi hún samskipti sveitarfélaga og ríkis sem oft mættu vera betri og einnig ýmis hagsmunamál og baráttumál Vestfirðinga sem unnið er að á vegum FV, s.s. hringtengingu ljósleiðara, umhverfisvottun Vestfjarða, markaðsátak sveitarfélaga og uppbyggingu í fiskeldi. Hvatti hún þingfulltrúa til dáða við þessi verkefni.

Albertína þakkaði sveitarstjórnarmönnum, stjórn, starfsfólki og framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfjarða fyrir ánægjulegt samstarf og óskaði Fjórðungssambandinu velgengni, gæfu og góðs gengis í framtíðinni.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4a um skýrslu stjórnar.

Þingforseti gaf þá Jóni Jónssyni menningarfulltrúa Fjórðungssambandsins orðið.

3. Skýrsla menningarfulltrúa

Jón Jónsson menningarfulltrúi fór yfir starfsemi og verkefni Menningarráðs Vestfjarða sem er önnur fastanefnd Fjórðungssambandsins. Fram kom í kynningunni að samskipti við ríkisvaldið í tengslum við endurnýjun menningarsamninga árið 2014 hefðu gengið stíðlega og mikilvægt væri að fjármagn væri tryggt til málaflokksins til lengri tíma. Staða menningarmála á Vestfjörðum væri að mörgu leyti góð og ýmis verkefni og hátíðarhöld framarlega á landsvísu, en um leið væri staðan í menningarmálum viðkvæm vegna fámennis og skorts á fjármagni.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4b.

Þingforseti gaf þá Díönu Jóhannsdóttur markaðsfulltrúa Fjórðungssambandsins orðið.

4. Skýrsla markaðsfulltrúa

Díana Jóhannsdóttir markaðsfulltrúi kynnti þá vinnu sem Markaðsstofa Vestfjarða sinnir og verkefni sem unnið hefur verið að og framundan eru. Díana sagði m.a. frá nýjum vef fyrir Vestfirði sem opnaður hefur verið á slóðinni www.westfjords.is og sýndi myndband sem unnið var í tengslum við markaðssetningarverkefni sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4c.

Þingforseti gaf þá Shiran Þórisssyni framkvæmdastjóra Atvest orðið.

5. Skýrsla Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Shiran K. Þórisson, framkvæmdastjóri AtVest fór yfir starfssvið félagsins, störf og verkefni og kynnti starfskýrslu þess fyrir árið 2013 og rekstraráætlun 2014-15.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4d.

Þingforseti gaf orðið laust vegna þessara skýrslna, en enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins orðið til að kynna ársreikninga 2013 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2014 og fjárhagsáætlun fyrir 2015.

6. Ársreikningar og fjárhagsáætlanir

Aðalsteinn Óskarsson tók til máls og fór yfir ársreikning Fjórðungssamband Vestfirðinga fyrir árið 2013 og gerði grein fyrir álitum endurskoðenda, þar á meðal fyrirvara þeirra varðandi lífeyrisskuldbindingar. Aðalsteinn fór ítarlega yfir ársreikninginn, tekjur og gjöld, og þar með helstu verkefni sambandsins. Aðalsteinn lagði til að ársreikningnum yrði vísað til Fjárhagsnefndar.

Aðalsteinn gerði þá grein fyrir tillögum að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2014 og rekstraráætlun fyrir árið 2015 og lagði til að þeim yrði vísað til Fjárhagsnefndar.

Þingforseti fól þá Aðalsteini að kynna og leggja fram tillögu stjórnar um laun og þóknun stjórnar og nefnda. Gerði hann grein fyrir tillögunni og lagði til að henni yrði vísað til Fjárhagsnefndar.

Þingforseti gaf orðið laust fyrir umræðu um reikninga, fjárhagsáætlanir og tillögu um laun og þóknun til stjórnar og nefnda. Indriði Indriðason Tálknafjarðarhreppi benti á að fjárhagsnefnd þyrfti að skoða að þingfararkaup hefði breyst frá því sem gert væri ráð fyrir í tillögunni um laun og þóknun.

Þingforseti bar þá upp tillögu um að þingskjölum 3a, 3b, 3c og 3d yrði vísað til Fjárhagsnefndar og var það samþykkt samhljóða.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjala númer 3a, 3b, 3c og 3d.

Þá var gert kaffihlé kl. 10:50 til 11:15.

7. Skýrsla stjórnar BsVest, ársreikningur 2013, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014 og fjárhagsáætlun 2015

Þingforseti gaf Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóra hjá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks orðið og fór hún yfir skýrslu stjórnar BsVest.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 5.

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni orðið og fór hann yfir ársreikning BsVest fyrir árið 2013, tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2014 og fjárhagsáætlun 2015.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar BsVest, reikninga og fjárhagsáætlanir. Enginn óskaði eftir að taka til máls og var samþykkt að vísa þingskjölum 5a, 5b og 5c til fjárhagsnefndar. Vísast að öðru leyti þingskjala 5a, 5b og 5c.

8. Kosning þingnefnda

Þingforseti kynnti formenn nefnda og vísaði þinggestum á að skrá sig í nefndir. Baldur Smári Einarsson sem skipaður hafði verið formaður fjárhagsnefndar var ekki mættur á þingið og var Elías Jónatansson Bolungarvíkurkaupstað samþykktur samhljóða sem formaður í hans stað.

Allsherjarnefnd skipa Ása Dóra Finnbogadóttir formaður, Kristján Andri Guðjónsson, Ásgeir Sveinsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Nanna Áslaug Jónsdóttir, Halldór Traustason, Ingólfur Haraldsson, Eva Dögg Jóhannesdóttir, Pétur Georg Markan, Kristinn Hilmar Marinósson, Andrea Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Finnur Ólafsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arndís Finnbogadóttir, Ágúst Már Gröndal, Magnús Jónsson, Áslaug Guttormsdóttir, Margrét Jónmundsdóttir, Guðrún Stella Gissurardóttir.

Fjórðungsmálanefnd skipa: Ingibjörg Emilsdóttir formaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir, Ásgeir Jónsson, Sandra Rún Björnsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Jónas Þ. Birgisson, Haraldur V.A. Jónsson, Sigurður Hreinsson, Vilberg Þráinsson, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Gísli Ægir Ágústsson, Daníel Jakobsson.

Fjárhagsnefnd skipa: Elías Jónatansson formaður, Þórir Sveinsson, Indriði Indriðason.

Mál lögð fram, fyrri umræða

a) Mál lögð fram af stjórn sambandsins

Albertína F. Elíasdóttir gerði grein fyrir ályktunum á þingskjölum frá 6-18.

Lagt fram þingskjal 6: *Vestfirðingar krefjast aðgangs að 21. öldinni*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Lagt fram þingskjal 7: *Innanlandsflug*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 8: *Málefni fatlaðs fólks*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 9: *Húsnæðismál*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Lagt fram þingskjal 10: *Svæðisskipulag Vestfjarða*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálarnefndar.

Lagt fram þingskjal 11: *Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Lagt fram þingskjal 12: *Viðhald Sauðfjárveikivarnargirðinga*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 13: *Sóknaráætlun landshluta* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 14: *Menningarmál* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 15: *Málefni markaðsstofu Vestfjarða* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 16: *Orkumál* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 17: *Skortur á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 18: *Grunnskólamál* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

b) Mál lögð fram af þingfulltrúum

Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ lagði fram þingskjal 19: *Ályktun um Hvalárlínu* og fylgdi tillögunni úr hlaði og ræddi mikilvægi þess fyrir Vestfirðinga að taka frumkvæði í málinu. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Kristján Andri Guðjónsson Ísafjarðarbæ tók til máls og lagði fram þingskjal 20: *Línuúvilnun* og þingskjal 21: *Strandveiðar*. Lagt var til að tillögunum verði vísað til Allsherjarnefndar.

Þingforseti gaf orðið laust. Arna Lára Jónsdóttir tekur til máls og leggur til að nefnd skoði hvort breyta eigi tillögu á þingskjali 18 þannig að fyrirhugað málþing taki til kennslu barna strax frá leiksskólaaldri.

Aðalsteinn Óskarsson tekur til máls varðandi hugmynd að tillögu um vá af sjávarflóðum, ásamt Gísla Halldóri Halldórssyni sem tekur til máls um sama efni.

Gísli Halldór Halldórsson leggur fram þingskjal 22: *Sjávarflóð, hættumat og strandsvæðaskipulag*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Þá var gert hádegishlé kl. 12:10-13:00.

9. Nefndastörf

Þingferð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Breyting varð á dagskrá eftir hádegi vegna þess að gestir þingsins sem halda áttu erindi forfölluðust, þar sem ekki var flogið til Ísafjarðar. Þingforseti kynnti breytingar og kallaði nefndir til vinnu strax eftir hádegishlé kl. 13:00.

Var nú unnið í nefndum: Allsherjarnefnd, fjórðungsmálanefnd, fjárhagsnefnd og kjörnefnd til kl. 14:40 þegar þingforseti kallað fundarmenn til fundar á ný.

Arna Lára formaður kjörnefndar tók til máls og óskaði eftir að þeir sem væru áhugasamir um að sitja í stjórnnum eða nefndum Fjórðungssambandsins gæfu sig fram við kjörnefndarmenn.

Þingforseti kynnti að nýju breytingar á dagskrá og gaf síðan Sigurði Péturssyni formanni fastanefndar Fjórðungssambandsins um samgöngumál orðið.

10. Skýrsla fastanefndar um samgöngumál

Sigurður Pétursson, formaður fastanefndar um samgöngumál, tók til máls og kynnti skýrslu nefndarinnar og fór yfir brýnustu verkefni í þeim málum. Samgöngunefnd hefur það hlutverk að samræma sjónarmið sveitarstjórna í málefnum varðandi vegamál, flugmál og fjarskipti og berjast fyrir umbótum á því sviði.

Sigurður þakkaði nefndarmönnum samstarfið og sagði að umbætur í samgöngumálum gerðust oft nokkuð hægar en vilji manna stæði til. Stundum væri hægt að nota 5 ára gamlar glæur eða ályktanir svo til óbreyttar þegar kæmi að því að setja fram kröfur um úrbætur. Sýndi hann 5 ára gamla glæru um forgangsverkefni í samgöngum á Vestfjörðum því til sönnunar, en allir liðir hennar eru enn í fullu gildi. Fór hann síðan yfir helstu verkefni Samgöngunefndar, áfanga sem náðst hafa og verkefni sem framundan eru. Sigurður þakkaði síðan fyrir samvinnuna í Samgöngunefnd, óskaði Vestfirðingum góðs gengis í baráttunni fyrir bættum samgöngum og fjarskiptum og sagði að lyklatriðið til að ná árangri væri samvinna og samstaða.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 23.

11. Ávörp gesta

Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hélt ávarp. Hann rifjaði upp ýmsa áfanga í samgöngumálum Vestfjarða, áður en hann snéri sér að því að kynna starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og helstu baráttumál þess, áhyggjuefni og fagnaðarefni. Fjallaði hann m.a. um minnkandi kosningaþátttöku, hlut kvenna í sveitarstjórnnum, fjármál sveitarfélaga og baráttu Sambands íslenskra sveitarfélaga við ríkisvaldið.

Jónas Guðmundsson sem hefur verið skipaður sýslumaður Vestfjarða frá næstkomandi áramótum ávarpaði þingið og óskaði eftir góðu samstarfi við sveitarstjórnir.

Kynning á niðurstöðu kjörbréfanefndar

Þingforseti gaf þá Ágústi Má Gröndal formanni kjörbréfanefndar orðið og hann kynnti niðurstöðu nefndarinnar.

Þinggerð 59. FJÓRDUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Mættir eru fulltrúar fyrir 9102 atkvæði og eru þau 98,28% atkvæða tekin gild. Öll sveitarfélög fullnýta atkvæði sín fyrir utan Árneshrepp, en enginn fulltrúi er mættur þaðan.

Árneshreppur – atkvæðavægi 159 (1,72%)

Eva Sigurbjörnsdóttir - Gefur Guðlaugi Ingólfi umboð

Elísa Ösp Valgeirsdóttir - Gefur Guðlaugi Ingólfi umboð

Guðlaugur Agnar Ágústsson - Gefur Guðlaugi Ingólfi umboð

Guðlaugur Ingólfur Benediktsson 159 atkvæði – mætti ekki

Hrefna Þorvaldsdóttir - Gefur Guðlaugi Ingólfi umboð

Bolungarvíkurkaupstaður – atkvæðavægi 1.425 (15,39%)

Baldur Smári Einarsson (mætti ekki) – gefur Elíasi Jónatanssyni umboð

Elías Jónatansson 611 atkvæði

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir (mætti ekki) – gefur Elíasi Jónatanssyni umboð

Guðrún Stella Gissurardóttir 203 atkvæði

Arndís Finnbogadóttir 203 atkvæði

Margrét Jómundsdóttir 203 atkvæði

Soffía Vagnsdóttir 203 atkvæði

Ísafjarðarbær – atkvæðavægi 3.639 (39,3%)

Arna Lára Jónsdóttir 808,668 atkvæði

Daníel Jakobsson 404,334 atkvæði

Gísli Halldór Halldórsson

Gunnhildur B. Elíasdóttir (mætti ekki) - gefur Örnú Láru umboð

Jónas Þór Birgisson 404,333 atkvæði

Martha Kristín Pálmadóttir 404,333 atkvæði

Kristján Andri Guðjónsson 404,333 atkvæði

Helga Dóra Kristjánsdóttir 404,333 atkvæði

Nanný Arna Guðmundsdóttir 404,333 atkvæði

Sigurður J. Hreinsson 404,333 atkvæði

Kaldrananeshreppur – atkvæðavægi 315 (3,40%)

Finnur Ólafsson 189 atkvæði

Ingólfur Haraldsson 126 atkvæði

Guðbrandur Sverrisson (mætti ekki) – gefur Finni Ólafssyni umboð

Jenný Jensdóttir (mætti ekki) – gefur Finni Ólafssyni umboð

Magnús Ásbjörnsson (mætti ekki) – gefur Ingólfi Haraldssyni umboð

Reykhólahreppur – atkvæðavægi 542 (5,85%)

Ágúst Már Gröndal 108,4 atkvæði

Áslaug Guttormsdóttir 108,4 atkvæði

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Karl Kristjánsson 108,4 atkvæði

Þinggerð 59. FJÓRDUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Sandra Rún Björnsdóttir 108,4 atkvæði

Vilberg Þráinsson 108,4 atkvæði

Strandabyggð – atkvæðavægi 759 (8,20%)

Andrea Kristín Jónsdóttir

Haraldur V. A. Jónsson 151,8 atkvæði

Ingibjörg Emilsdóttir 151,8 atkvæði

Ingibjörg Benediktsdóttir 151,8 atkvæði

Jón Gísli Jónsson 304 atkvæði

Viðar Guðmundsson (mætti ekki) - gefur Jóni Gísla umboð

Súðavíkurreppur – atkvæðavægi 404 (4,36%)

Pétur G. Markan – 202 atkvæði

Guðbjörg Bergmundsdóttir – 202 atkvæði

Tálknafjarðarhreppur – atkvæðavægi 594 (6,41%)

Ásgeir Jónsson 198 atkvæði

Eva Dögg Jóhannesdóttir 198 atkvæði

Indriði Indriðason

Kristinn Hilmar Marinósson 198 atkvæði

Vesturbyggð – atkvæðavægi 1.424 (15,37%)

Friðbjörg Matthíasdóttir 203,43 atkvæði

Ásgeir Sveinsson 203,43 atkvæði

Magnús Jónsson 203,43 atkvæði

Nanna Áslaug Jónsdóttir 203,43 atkvæði

Halldór Traustason 203,43 atkvæði

Gísli Ægir Ágústsson 203,43 atkvæði

Ása Dóra Finnbogadóttir 203,43 atkvæði

Þórir Sveinsson

Nú var gert kaffihlé frá 15:50:-16:05.

Þá tóku nefndir aftur til starfa og störfuðu til kl. 17:00. Þá kallaði þingforseti þinggesti saman til fundar og var gengið til afgreiðslu ályktana, tillagna og mála frá nefndum.

12. Afgreiðsla mála frá nefndum

Ása Dóra Finnbogadóttir formaður Allsherjarnefndar tók til máls og kynnti tillögur nefndarinnar og þær ályktanir sem fjallað hafði verið um og nefndin lagði fyrir þingið til afgreiðslu.

Tillaga um *Innanlandsflug* (þingskjal 24, áður 7). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Tillaga um *Málefni fatlaðs fólks* (þingskjal 25, áður 8). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Húsnæðismál* (þingskjal 26, áður 9). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Viðhald sauðfjárveikivarnargirðinga* (þingskjal 27, áður 12). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Sóknaráætlun landshluta* (þingskjal 28, áður 13). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Meningarmál* (þingskjal 29, áður 14). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Málefni Markaðsstofu Vestfjarða* (þingskjal 30, áður 15). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Orkumál* (þingskjal 31, áður 16). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Skortur á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga* (þingskjal 32, áður 17). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Línuívilnun* (þingskjal 33, áður 20). Þingforseti gaf orðið laust. Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ tók til máls. Hann ræddi hvort ætti að beina því til stjórnar Fjórðungssambands að breyta Fjórðungsþingi í svipaðan vettvang og landsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem meira væri unnið að stefnumótun, en færri tilviljanakenndar ályktanir samþykktar. Daníel kvaðst ekki geta stutt tillögu um línuívilnun, í þessum málaflokki væri mikilvægast að berjast með almennum hætti fyrir bættu starfsumhverfi í sjávarútvegi, t.d. varðandi flutningskostnað. Ásgeir Sveinsson Vesturbyggð tók til máls og lýsti stuðningi við tillöguna. Hann minnr á að línuívilnun hafi verið komið á til að styðja við vistvænar og atvinnuskapandi veiðar og telur mikilvægt að Fjórðungsþing styðji tillöguna. Daníel Jakobsson tók aftur til máls og sagði mikilvægt að stuðla að hagkvæmni í greininni. Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ tók til máls og lýsti yfir stuðningi við tillöguna, hún sé hugsuð til að tryggja smábátaútgerð. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt með meirihluta atkvæða.

Tillaga um *Strandveiðar* (þingskjal 34, áður 21). Þingforseti gaf orðið laust. Finnur Ólafsson Kaldanananeshreppi tók til máls og taldi framsetningu tillögunnar villandi og hann gæti ekki stutt tillöguna. Ekki væri rétt að miðan eingöngu við dagafjölda, heldur einnig mun á því hversu lengi bátar væru að veiða kvótann á ólíkum svæðum. Ásgeir Sveinsson Vesturbyggð tók til máls og taldi að Finnur misskildi tillöguna. Jónas Þór Birgisson Ísafjarðarbæ tók til máls og fannst vanta í tillöguna hvaða leið ætti að fara til að jafna mun milli svæða, hvort verið væri að gera tillögu um að bæta inn í kerfið eða færa á milli svæða. Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ tók til máls og taldi tillöguna ágæta eins og hún er, gangi út á jafnrétti. Jónas Þór

Þingferð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

tók aftur til máls og var ósammála því, ekki væri skýrt hvort farið væri fram á að fá meira eða tilfærslu í kerfinu. Finnur Ólafsson tók aftur til máls og kvaðst sammála ef markmið væri að auka veiði, ef málið sneri eingöngu að heildarkvóta á A-svæði. Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ tók til máls og taldi nákvæmar útfærslur óþarfar, tillagan snérist um misrétti milli svæða. Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ tók til máls, hann sagði tillöguna snúast um kvóta og ekki væri rétt að taka af stærri útgerð til að setja í strandveiðar. Frekar ætti að gera tillögu um ívilnun fyrir að landa og vinna afla á Vestfjörðum. Ekki kom fram breytingatillaga og bar þingforseti tillöguna upp til atkvæða. Var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

Tillaga um *Sjávarflóð, hættumat og strandsvæðaskipulag* (þingskjal 35, áður 22). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti leitaði afbrigða um að þrjár tillögur sem urðu til í meðförum Allsherjarnefndar yrðu teknar til umræðu og afgreiðslu, þrátt fyrir að hafa aðeins fengið eina umræðu á þinginu. Þingforseti kynnist síðan allar tillögurnar og óskaði eftir samþykki þingsins um að taka þær til afgreiðslu. Var það samþykkt samhljóða. Þingforseti kynnti þá tillögurnar hverja fyrir sig.

Tillaga með yfirskriftina *Aflétting söluhafta á sauðfé* (þingskjal 36). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Gerðar voru minniháttar orðalagsbreytingar á tillögunni með samþykki þingsins. Enginn kvaddi sér hljóðs. Var tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Tillaga með yfirskriftina *Uppbygging alþjóðaflugvallar á Vestfjörðum* (þingskjal 37). Þingforseti gaf orðið laust. Pétur Markan Súðavíkurreppi tók til máls og taldi þetta mikilvægt mál, skýr, jákvæð og djörf byggðastefna. Hann sagði það skyldu Fjórðungsþings að berjast fyrir mikilvægum málum á borð við alþjóðaflugvöll, Vestfirðingar þurfi að krefjast og ætla sér meira en aðrir vilji að þeir fái, því þeir fái aldrei meira en þeir krefjast. Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ tók til máls og fagnaði tillögunni. Guðrún Stella Gissurardóttir Bolungarvíkurkaupstað tók til máls og tók undir með Pétri. Hún studdi tillöguna eindregið, í málinu fælust mikil tækifæri, t.d. til að laða að fyrirtæki og auka fjölbreytni í atvinnulífi. Sækja þurfi fram, ekki einungis að verja það sem fyrir er. Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ tók til máls og sagði stundum gott að sýna framsýni og vera í sókn. Gerði samanburð við Akureyri þar sem stór sjávarútvegsfyrirtæki væru, en þó væri ekki beint flug þaðan á erlenda markaði. Hann taldi mikilvægt að Fjórðungsþing einbeitti sér að færri málum til að gefa ekki misvísandi skilaboð um forgangsröð. Daníel spurði hver væru fimm mikilvægustu málin fyrir Vestfirði og hvort alþjóðaflugvöllur væri eitt þeirra. Pétur Markan tók aftur til máls og benti á að samgöngur frá Akureyri væru betri en við Vestfirði. Hann sagði hlutverk nýrrar stjórnar FV að greina mikilvægustu málin. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs. Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Veidigjald* (þingskjal 38). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti frestaði síðan fundi kl. 18:08 til kl. 10:00 að laugardagsmorgni með samþykki þingsins.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Laugardagur 4. október, fundi framhaldið kl. 10:00.

Þingforseti Nanný Arna Guðmundsdóttir setti fund Fjórðungsþingsins að nýju eftir fundarhlé kl. 10:00 laugardaginn 12. október í félagsheimilinu á Þingeyri. Hún þakkaði fundarmönnum fyrir skemmtun kvöldið áður og gaf síðan Ingibjörgu Emilsdóttur formanni fjórðungsmálanefndar orðið.

Afgreiðsla mála frá nefndum - framhald

Ingibjörg Emilsdóttir formaður fjórðungsmálanefndar tók til máls og kynnti tillögur nefndarinnar.

Tillaga með yfirskriftina: *Bættar samgöngur á Vestfjörðum eru hagsmunir allra* (þingskjal 39, áður 6). Þingforseti gaf orðið laust. Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbær tók til máls og gerði athugasemdir við orðalag. Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ tók undir. Smávægilegar orðalagsbreytingar gerðar á tillögunni með samþykki þingsins. Þingforseti bar svo tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Svæðisskipulag Vestfjarða* (þingskjal númer 40, áður 10). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða* (þingskjal 41, áður 11). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Indriði Indriðason Tálknafirði tók til máls og lagði fram breytingatillögu um að við bættist setningin: „Einnig er lögð áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaganna.“ Þingforseti bar breytingatillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða. Þingforseti bar þá tillöguna upp í heild sinni og var hún samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Skólamál* (þingskjal 42, áður 18). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga með yfirskriftina *Ályktun um Hvalárvirkjun* (þingskjal 43, áður 19). Þingforseti gefur orðið laust. Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ tók máls. Hann gerir grein fyrir að þetta hafi eftir umræðu orðið tillaga nefndarinnar sem hann taki undir. Enginn annar tók til máls. Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf þá Elíasi Jónatanssyni formanni Fjárhagsnefndar orðið og kynnti hann tillögur nefndarinnar.

Fyrst var tekinn fyrir *Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2013* (þingskjal 44a, áður 3a) sem lá fyrir í gögnum þingsins. Elías benti á verulega aukin umsvif vegna markaðsstofu og menningarráðs. Fjárhagsnefnd gerði engar tillögur um breytingar á ársreikningum og lagði til að hann yrði samþykktur. Beindi hann til stjórnar þeirri ábendingu nefndarinnar að færa laun í rekstrarreikningi í einu lagi, en sundurliða þau síðan í laun vegna kjarnastarfsemi og verkefna. Þingforseti opnaði fyrir umræðu en enginn kvaddi sér hljóðs. Ársreikningurinn lagður fram til samþykktar og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Þá var tekin fyrir tillaga að *endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2014* (þingskjal 44b, áður 3b). Elías gerði grein fyrir að áætlunin byggi á óendurskoðuðu árshlutauppgjöri fyrstu 8 mánuði ársins og áætlun fyrir sept. til des 2014. Gert sé ráð fyrir 15,9 mkr hagnaði, en þó beri að taka tillit til ógjaldfallinna skuldbindinga á næsta ári. Fjárhagsnefnd lagði til að endurskoðuð fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2014 verði samþykkt. Þingforseti opnaði fyrir umræðu en enginn kvaddi sér hljóðs. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014 lögð fram til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var lögð fram *Fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2015* (þingskjal 44c, áður 3c). Elías greindi frá að gert sé ráð fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki lítilsháttar og verði 25 millj. Þá er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna verði óbreytt frá endurskoðaðri áætlun 2014 og árstillagið fyrir árið 2015 verði 4.833 kr/íbúa á Vestfjörðum. Þá er gert ráð fyrir að framlög til At Vest verði 44,7 millj. sem einnig er óbreytt upphæð. Launakostnaður verði 46,6 millj. samanborið við 45 millj. árið 2014. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 270 þús. krónur. Fjárhagsnefnd lagði til að Fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2015 verði samþykkt. Þingforseti opnaði fyrir umræðu en enginn kvaddi sér hljóðs. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var lagður fram *Ársreikningur BsVest 2013, endurskoðuð áætlun 2014 og fjárhagsáætlun 2015* (þingskjal 45, áður 5a, 5b og 5c) borinn upp til samþykktar. Fjárhagsnefnd tók reikninginn og áætlanir til skoðunar og lagði fram athugasemdalaust. Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og skjölin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var lögð fram tillaga fráfarandi stjórnar um *Laun og þóknun stjórnar og nefnda Fjórðungssambandsins* (þingskjal 46, áður 3d). Fjármálanefnd gerði ekki athugasemd við tillöguna. Þingforseti opnaði fyrir umræðu en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan lögð fram til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nú var gert kaffihlé frá 10:40-11:00.

13. Önnur mál

Þá var gengið til kosningar. Þingforseti gaf Örnú Láru Jónsdóttir, formanni kjörnefndar orðið og hafði hún framsögu um tillögu kjörnefndar um stjórn og nefndir, sjá þingskjal 47.

Tillaga kjörnefndar um aðalmenn stjórn Fjórðungssambandsins:

Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð

Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbær

Ingibjörg Emilsdóttir, Strandabyggð

Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbær

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstaður

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Tillaga kjörnefndar um formann Fjórðungssambands Vestfirðinga

Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar um varastjórn Fjórðungssambandsins:

Jónas Þór Birgisson, Ísafjarðarbær
Áslaug Guttormsdóttir, Reykhólahreppur
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbær
Pétur Georg Markan, Súðavíkureppur
Kristinn Marinósson, Tálknafjarðarhreppur

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar um aðalmenn í Heilbrigðisnefnd:

Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafjarðarbær
Kristján G. Jóakimsson, Ísafjarðarbær
Sólrun Geirsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
Jón Hörður Elíasson, Kaldrananeshreppur
Kolfinna Guðmundsdóttir, Vesturbyggð

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar um varamenn í Heilbrigðisnefnd

Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbær
Hildur Halldórsdóttir, Ísafjarðarbær
Hildur Elísabet Pétursdóttir, Ísafjarðarbær
Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafjarðarhreppur
Ingibjörg Kristjánsdóttir, Reykhólahreppur

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar um löggilta endurskoðendur:

Endurskoðun Vestfjarða

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar um Menningarráð Vestfjarða:

Aðalfulltrúar:
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafjarðarbær
Kristján Andri Guðjónsson, Ísafjarðarbær
Viðar Guðmundsson, Strandabyggð

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Dagbjört Hjaltadóttir, Súðavíkurreppur
Matthías Ágústsson, Vesturbyggð

Varafulltrúar:

Hildur Inga Rúnarsdóttir, Ísafjarðarbær
Fjölur Ásbjörnsson, Ísafjarðarbær
Ágúst Már Gröndal, Reykhólahreppur
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
Valgeir Ægir Ingólfsson, Vesturbyggð

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kjörnefndar um Fastanefnd um samgöngumál:

Aðalfulltrúar:

Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbær
Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppur
Ingibjörg Benediksdóttir, Strandabyggð
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppur

Varafulltrúar:

Pétur Markan, Súðavíkurreppur
Magnús Jónsson, Vesturbyggð
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppur
Vilberg Þráinsson, Reykhólahreppur

Formaður samgöngunefndar og varamaður hans verði skipaður af stjórn FV úr hópi stjórnarmanna.

Þingforseti gaf færi á umræðum og tillögum en enginn tók til máls. Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Að loknum kosningum bauð þingforseti nýjan formann Fjórðungssambands Vestfirðinga, Friðbjörgu Matthíasdóttur, velkomna til starfa og gaf henni orðið. Friðbjörg þakkaði traustið sem henni er sýnt af Fjórðungsþingi og heitir því að vinna af djörfung og dug að málefnum Vestfjarða. Þakkaði hún fundarmönnum fyrir gott þing. Þá voru allir dagskrárliðir tæmdir. Þingforseti fól Friðbjörgu að slíta þinginu sem hún og gerði.

Þingi slitið kl. 11:20.

Þingforsetar: Nanný Arna Guðmundsdóttir og Margrét Jómundsdóttir

Þingritarar: Díana Jóhannsdóttir og Jón Jónsson.

Þinggerð 59. FJÓRDUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Þingskjal 1

DAGSKRÁ

Föstudagur 3. október

8:30 Afhending gagna.

Þingsetning.

Kosning þingforseta og ritara.

Kosning kjörnefndar, kjörbréfanefndar og afgreiðsla kjörbréfa.

Skýrsla stjórnar og starfsáætlun komandi árs.

Skýrsla menningarfulltrúa

Skýrsla markaðsfulltrúa

Skýrsla Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða,

Umræður og fyrirspurnir

Ársreikningur 2013

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014

Fjárhagsáætlun 2015

Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda.

Umræður og fyrirspurnir

10:00 Kaffihlé

10:30 Skýrsla stjórnar BsVest

Ársreikningur 2013

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014

Fjárhagsáætlun 2015

11:15 Kosning þingnefnda

Mál lögð fram, fyrri umræða

a) Mál lögð fram af stjórn sambandsins

b) Mál lögð fram af þingfulltrúum

12:00 Hádegisverður

13:00 Hvernig má efla grunnskólana.

Gylfi Jón Gylfason, Fræðslustjóri Reykjanesbæjar. *Viðsnúningur í frammistöðu nemenda - framtíðarsýn í menntamálum. Í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði*

Pallborð

14:30 Samgöngu- og fjarskiptamál á Vestfjörðum

Sigurður Pétursson, formaður Samgöngunefndar FV, *Skýrsla fastanefndar FV um samgöngumál*

Haraldur Benediktsson, alþm., *Vestfirðir áfram utan þjónustusvæðis?*

Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra

15:45 Kaffihlé

16:00 Sóknaráætlun landshluta og stoðkerfi atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum.

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnastjóri, Byggðastofnun. *Eru sóknaráætlanir landshluta á vetur setjandi?*

16:30 Ávörp gesta

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

17:00 - 18:00 Nefndarstörf

18:00 Gengið um Þingeyri.

20:00 Kvöldverður

Laugardagur 4. október.

10:00 Nefndarstörf

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

11.00 Afgreiðsla mála frá nefndum

12.00 Hádegisverður

13:00 Önnur mál

Kosningar samkvæmt samþykktum;

Kosning fimm aðalstjórnarmanna

Kosning formanns úr hópi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Kosning fimm varastjórnarmanna

Kosning löggilts endurskoðenda

Kosning fimm fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Kosning fimm fulltrúa í Menningarráð.

Kosning fimm fulltrúa í fastanefnd um samgöngumál

14:00 Áætluð þingslit

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá og tímasetningu ef þörf krefur.

Staðsetning;

- Þinghald og nefndarstörf verða í Félagsheimilinu á Þingeyri
- Hádegisverður og kvöldverður verður á Hótel Sandafelli

Annað; Vakin er athygli á að skýrslur starfshópa og stofnana munu liggja frammi á þinginu og fulltrúar þeirra verða jafnframt á þinginu.

Þingskjal 2

Atkvæðavægi sveitarfélaga á 59. Fjórðungspingi Vestfirðinga

Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga um atkvæðavægi sveitarfélaga

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2014

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkv
Reykholahreppur	271	2,0	542	5,85%
Vesturbyggð	949	1,5	1.424	15,37%
Tálknafjarðarhreppur	297	2,0	594	6,41%
Bolungarvíkurkaupstaður	950	1,5	1.425	15,39%
Ísafjarðarbær	3639	1,0	3.639	39,30%
Súðavíkurhreppur	202	2,0	404	4,36%
Árneshreppur	53	3,0	159	1,72%
Kaldraneshreppur	105	3,0	315	3,40%
Strandabyggð	506	1,5	759	8,20%
<i>Samtals</i>	6.972		9.261	100,00%

Fjöldi sveitarfélaga: 9

Ísafirði 12. september 2014

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Þingskjal 3a

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2013, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 3b og 3c

59. Fjórðungsping Vestfirðinga, haldið 3. og 4. október á Þingeyri.

Þingskjal 3b og 3c

Rekstraráætlun Fjórðungssamband Vestfirðinga	Áætlun	Endursk áætlun	Ársreikn
Tekjur	2015	2014	2013
Framlög og verkefnaframlög	219.528	226.763	198.303
Samtals tekjur	219.528	226.763	198.303
Gjöld			
Laun og launatengd	46.600	44.043	17.377
Verkefni og skrifstofukostnaður	173.883	167.301	179.197
Samtals gjöld	220.483	211.344	196.574
Fjármagnstekjur	1.232	1.500	1.168
Rekstrarniðurstaða	277	16.919	2.897

Þingskjal 3d

Tillaga stjórnar um laun og þóknun stjórnar og nefnda

Forsendur;

Laun stjórnar og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga miðast við hlutfall af þingfarakaupi, sem er í dag kr. 651.446,-.

- Laun stjórnar er föst mánaðarleg greiðsla en greitt er fyrir hvern fund í nefnd eða starfshópi.
- Laun formanns FV í dag eru 7% eða kr 45.601.- á mánuði
- Laun stjórnarmanns FV í dag eru 3,5% eða kr 22.801.- á mánuði.
- Laun formanns nefnda eru 3,5% eða kr 22.801.-
- Laun nefndarmanna eru 1,75% eða kr 11.400.-
- Laun formanns Menningarráðs eru 4,25% eða kr 27.686,-.
- Laun nefndarmanns Menningarráðs eru 3,25% eða kr 21.172,-.

Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni.

Tillaga um laun og þóknun stjórna og nefnda.

Laun stjórnar er föst mánaðarleg greiðsla en greitt er fyrir hvern fund í nefnd eða starfshópi.

- Laun formanns FV í dag verði 8% eða kr 52.116.- á mánuði
- Laun stjórnarmanns FV í dag verði 4% eða kr 25.201.- á mánuði.
- Laun formanns nefnda verði 4% eða kr 26.058.- fyrir hvern setinn fund

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

- Laun nefndarmanna verði 2% eða kr 13.029.- fyrir hvern setinn fund
- Laun formanns Menningarráðs verði 4,25% eða kr 27.686,-.
- Laun nefndarmanns Menningarráðs verði 3,25% eða kr 21.172,-.

Þingskjal 4a

Skýrsla formanns – Albertína F. Elíasdóttir

Kæru þingfulltrúar og aðrir gestir,

Sem ég settist niður og skrifaði þessi orð var svo ótal margt sem kom upp í hugann þegar ég fór yfir þessi síðustu fjögur ár sem við höfum átt saman. Frá því að fráfarandi stjórn tók við fyrir fjórum árum þá hefur Fjórðungssambandið vaxið úr því að vera með einn starfsmann og velta um 30 milljónum á ári og í að vera með fimm starfsmenn og velta ríflega 200 milljónum.

Við höfum síðustu fjögur ár fylgt öðrum landshlutasamtökum og tekið við fjölmörgum verkefnum frá ríkinu; málefnum fatlaðra, sóknaráætlun og margt fleira mætti nefna. Samhliða þessu og samkvæmt dagskipan ríkisins í tengslum við Ísland 20/20 fórum við í heljarinnar vegferð sem tók mikinn tíma og mjög mikla orku þar sem Markaðsstofa og Menningarráð Vestfjarða voru sameinuð inn í rekstur Fjórðungssambandsins. Þannig var sömuleiðis ætlunin að sameina Atvinnuþróunarfélagið við þessa aðila og skapa þannig breiðan vettvang starfsmanna og eitt þjónustuandyri fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Það fór svo að bakkað var út úr þeirri ákvörðun en niðurstaðan samt sem áður sú að nú fer fjármagnið til reksturs atvinnuráðgjafar á Vestfjörðum frá Byggðastofnun og beint til Fjórðungssambands Vestfirðinga sem nú gerir þjónustusamning við hlutafélagið Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sem svo sinnir þjónustunni. Ég held að við getum öll verið sammála um að það var mikið heillaspor að sameina það sem sameinað var og hafa starfskraftar Fjórðungssambandsins og öll starfsemi þess margeflst við þessa sameiningu. Sömuleiðis hefur verið góð reynsla af auknu samstarfi og samtali við Atvinnuþróunarfélagið. Það er hins vegar í ykkar höndum kæru sveitarstjórnarmenn sem nú farið með umboðið að taka ákvörðun um næstu skref, viljum við halda þessu óbreyttu? Viljum við fara til baka? Viljum við ganga lengra? Það er spurning sem þið þurfið að svara á næstu mánuðum, en samstarfssamningur Fjórðungssambandsins og Atvinnuþróunarfélagsins rennur út um áramót.

Þessari auknu starfsemi fylgir auðvitað aukin vinna og í dag mæðir enn meir á starfsmönnum og stjórnarmönnum Fjórðungssambandsins heldur en gerði áður. Það er einmitt eitt af því sem ég mun sakna úr starfinu, en það er að heyra í Aðalsteini, en ég held ég hafi einmitt heyrt í honum nánast daglega síðustu fjögur árin. Eitt af því sem þarf að gera á þessu þingi er að ákvarða laun stjórnarmanna Fjórðungssambandsins og liggur fyrir tillaga um hækkun stjórnarlauna sem ég hvet þingfulltrúa eindregið til að samþykkja, enda er þetta verulega mikil vinna sem liggur á stjórnarmönnum og ekki síður mikil ábyrgð, að halda á lofti hagsmunum landshlutans annars vegar og halda landshlutanum saman og halda uppi samstarfi hins vegar.

Það er Vestfirðingum fátt mikilvægara en að halda vel saman innan fjórðungsins, en ekki gleyma því heldur að það er ekki síður mikilvægt að starfa með öðrum utan fjórðungsins. Við eigum að vera óhrædd við að taka upp samstarfsverkefni við aðra, innanlands og utan, en þannig getum við lært af öðrum og fært heim enn betri starfsaðferðir og uppbyggingarmöguleika í sameiningu innan fjórðungsins. Vestfirðingum er það þó virkilega mikilvægt að standa saman að sameiginlegum hagsmunamálum, enda hugsar enginn um hag okkar annar en við sjálf. Eitt og eitt sveitarfélag er aðeins hjáróma rödd út í nóttina en þegar við stöndum saman þá getum við sannarlega látið í okkur heyra og jafnvel látið stytta upp um stund. Hellen Keller sagði eitt sinn að velferð eins er bundin velferð allra og það á við um sveitarfélög á Vestfjörðum á sama hátt og aðra. Við þurfum stundum að staldra aðeins við og læra betur að setja okkar persónulegu skoðanir á persónum og leikendum, á ólíkum sveitarfélögum og jafnvel landshlutum til hliðar til að geta unnið almennilega saman og

Þinggerð 59. FJÓRDUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

hjálpast að við að styrkja hvort annað. Þannig er fjölmennasta sveitarfélagið Ísafjarðarbær lítið án hinna sveitarfélaganna, og á sama hátt eru fámennari sveitarfélögin lítið án stóra kjarnans og því má ekki gleyma. Það er svo auðvelt að detta í karp um fréttir hversdagsins, en ég skora á ykkur sveitarstjórnarfólk á Vestfjörðum að gleyma því ekki að þó við séum fulltrúar ákveðinna sveitafélaga þá erum við líka Vestfirðingar og eigum að vera stolt af því og bera höfuðið hátt.

Síðasta árið eins og þau síðustu þrjú þar á undan voru auðvitað einkum helguð fjölbreyttri hagsmunabaráttu fyrir fjórðunginn. Þar bera auðvitað hæst samgöngumálin í allri sinni fjölbreytni og þar hefur auðvitað borið hæst veglagningin um Teigsskóg sem vonandi fer að komast einhver niðurstaða í nú eftir 10 ára baráttu Vestfirðinga. Búast má við fréttum af starfshóp sem innanríkisráðherra skipaði undir forystu Vegagerðarinnar í næstu viku og vonandi verður niðurstaðan sú að loks verði hægt að klára þessa endaleysu. Næsta verkefni verður þá að tryggja að staðið verði Dýrafjarðargöng og aðrar vegabætur sem Vestfirðingar hafa beðið eftir áratugi.

Okkar stærsti vandi er þó líklega þetta endalaus taktleysi ríkisins, já eða kannski öllu heldur hversu ferlega illa gengur hjá ríkinu að ganga í takt við sveitarfélögin. Ríkið er alltaf að koma á sveitarfélögin og samtök þeirra fleiri og fleiri verkefnum, heimta meiri og meiri samvinnu en er auðvitað ekki tilbúið til að greiða neitt fyrir. Það sem verra er að ríkið setur verkefni til okkar en vill samt sem áður ekki sleppa af þeim hendinni og endar þetta oft í einhverri haltu mér slepptu mér umræðu milli ríkis og sveitarfélaga sem miklu meiri tími og peningar fara í heldur en málefnin sjálf. Þetta er auðvitað gjörsamlega óþolandi og fyrr eða síðar þurfa sveitarfélögin að segja hingað og ekki lengra. Samningar ríkisins við sveitarfélögin eru svo í ofanálag sífellt skornir niður og sjaldan staðið við fyrirheit um aukningu fjármagns, en áfram er ætlast til að sveitarfélögin veiti sömu og jafnvel meiri þjónustu fyrir sama pening. Fjárlögin fyrir árið 2015 vekja til að mynda ekki neitt sérstaklega mikla bjartsýni, og má búast við enn auknum niðurskurði í fjölmörgum stofnunum á Vestfjörðum, á landsvæði sem má alls ekki við að missa slík störf heldur ætti einmitt heldur að vera að byggja upp fleiri. Ég skora á þingmenn landsins að snúa þessu við og aðstoða okkur heldur við að byggja upp en að vera endalaust að rífa okkur niður. Kæru þingmenn sýnið samstöðu, farið að vinna saman og hjálpið okkur að byggja upp. Samstaðan getur skilað svo miklu.

Það er þó ekki allt vonlaust í samskiptum við ríkið og má þar nefna að ríkið virðist loksins vera að taka við sér og hefur nú verið lofað að hafist verði handa við hringtengingu ljósleiðara strax næsta sumar og verði jafnvel lokið næsta haust. Því ber að fagna en fögnum þó varlega, því þangað til síðasti strengurinn verður lagður eru þetta lítið annað en loforð og vonir, en auðvitað vonum við það besta.

Það hefur ýmislegt fleira jákvætt gerst og margt sem snýr að okkur sjálfum. Þar á meðal verð ég að hrósa þeirri ákvörðun sveitarfélaga á Vestfjörðum að taka þátt í sameiginlegu markaðsátaki sem skipulagt hefur verið af markaðsfulltrúa, Díönu Jóhannsdóttur, en ég veit að hún ætlar einmitt í erindi sínu hér á eftir að gefa ykkur smá „peak-preview“ frá áttakinu. Þess má geta að ég hef heyrt frá allnokkrum markaðsmönnum bæði fyrir norðan og sunnan sem halda því blákalt fram að þetta verkefni eigi eftir að vera til mikillar eftirbreytni og ef vel heppnast verðlaunaverkefni. Það er því sannarlega eitthvað til að vera stolt af.

Það eru fleiri spennandi hlutir í gangi og þar er auðvitað fremst að nefna hröð uppbygging í fiskeldinu. Síðast í gær voru fréttir af því að skorti íbúðarhúsnæði á Suðurfjörðunum fyrir starfsmenn sem þarf til að starfa við fiskeldið. Fiskeldið er líka eitt af því sem að þrýstir á að Dýrafjarðargöng verði klárud sem fyrst en þegar fiskeldið fer að vaxa beggja megin Dýrafjarðar þá steinliggur auðvitað að koma fyrir hér á Þingeyri ýmissi sameiginlegri þjónustu svo sem þvottastöð fyrir fiskeldiskvíarnar og auðvitað millilandaflugi annað hvort hér eða í Arnarfirðinum þannig að hægt verði að fljúga með afurðirnar beint erlendis. Þá þarf samhliða þessari hröðu uppbyggingu að byggja upp bæði rannsóknarstarf til stuðnings við greinina og má þar meðal annars nefna spennandi rannsóknir í tengslum við nýjar aðferðir kælingar afurða sem gera þær betur búnar til að þola flutning. Það er svo ótalmargt hægt að vinna að og gera hér fyrir vestan en til þess þurfum við að þora, gera og vera dugleg að berjast fyrir okkar. Við þurfum sömuleiðis að vinna heimavinnuna okkar og vera tilbúin með lóðir

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

og sömuleiðis skipulag, samanber það sem liggur fyrir í Arnarfirðinum, en þess má geta að fyrr á árinu ákvað ráðherra atvinnu- og nýsköpunarmála að setja á fót starfshóp um frumvarp til laga um haf- og strandsvæðaskipulag þar sem Aðalsteinn framkvæmdastjóri situr einmitt, en þetta er mikið hagsmunamál fyrir Vestfirði og raunar landið allt.

Á síðasta kjörtímabili var samþykkt að sækja um umhverfisvottun fyrir Vestfirði og hefur verið unnið ötullga að því máli, einkum síðustu tvö árin og er nú svo komið að við erum búin að ná viðmiðum til að fá vottunina og þar með lokið fyrstu skrefum í áttina að því að verða umhverfisvottuð. Í umhverfisvottuninni felast ótalmörg tækifæri og hefur verið þrýstingur bæði frá sjávarútvegs- og ferðapjónustutengdum fyrirtækjum enda væri slík vottun mjög mikilvæg fyrir allt þeirra markaðs- og sölustarf. Staðan er hins vegar sú að það hefur gengið mjög erfiðlega að keyra málið áfram þar sem illa hefur gengið að fá upplýsingar og svör frá ykkur, eða þ.e. sveitarfélögunum ykkar. Ég skora því á ykkur að kippa því í liðinn og að ganga úr skugga um þegar þið komið heim aftur að ykkar fólk sé örugglega að fylgja eftir þeim skilaboðum sem koma frá þeim starfsmanni Fjórðungssambandsins sem sér um umhverfisvottunina. Þetta er ekki mjög flókið og öll viljum við vera umhverfisvæn. Klárum dæmið og fáum Vestfirðina umhverfisvottaða.

Það er ansi margt gott og spennandi að gerast hérna fyrir vestan og einmitt sökum fámennisins þá höfum við ótal tækifæri sem ekki þekkjast annarsstaðar. Tökum sem dæmi grunnskólamálin sem eru einmitt til umfjöllunar hér á þinginu. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa það tækifæri að taka ákvörðun um það hér um helgina að vera einfaldlega með bestu og framsæknustu skóla á Íslandi hér á Vestfjörðum. Það eru að verða miklar breytingar á skólastarfi og skólakennslu um allan heim og Vestfirðingar hafa tækifæri til að stíga fram og jafnvel leiða þær breytingar ef áhugi er á. Ég skora því á ykkur að grípa boltann sem hér er kastað á loft og leiða í sameiningu grunnskóla Vestfjarða inn í framtíðina.

Að lokum þar sem við erum hér komin til fjórðungsþings þá langar mig að leggja inn smá hugmynd sem við höfum verið að velkjast með í stjórninni, einkum síðustu tvö ár. Það er hugmyndin um að halda fjórðungsþing tvisvar á ári; að vori og hausti; auka- og aðalþing. Sunnlendingar tóku þetta upp nýverið en með þessu þá er það gert auðveldara að halda styttri og snarpari þing – annað þar sem væru almenn aðalfundarstörf en hitt þar sem unnið yrði að sameiginlegri stefnumótun og uppbyggingu sameiginlegra verkefna. Ég er sannfærð um slík tilhögun myndi gera fjórðungsþingin bæði snarpari og afkastameiri, auk þess sem þetta væri góður kostur til að auka samstarf á milli sveitarfélaga utan fjórðungsþinga. Ég hvet nýja stjórn til að taka þetta mál upp og leggja til lagabreytingar á næsta þingi sem snúa að þessu.

Annars er þetta síðasta fjórðungsþingið mitt í bili. Eins þið vitið flest þá fór ég út úr bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eftir síðustu kosningar og hef því ekki tækifæri til að starfa áfram á þessum vettvangi, nema þá hugsanlega sem einlægur aðdáandi Fjórðungssambands Vestfirðinga. Ég mun einlæglega sakna þess góða samstarfs sem ég hef verið svo heppin að njóta við sveitarstjórnarfólk á Vestfjörðum og starfsmenn þeirra, sem og við starfsmenn Fjórðungssambandsins sem hafa staðið sig eins og hetjur síðustu fjögur ár. Þá verð ég einnig nefna sérstaklega gott samtal og samstarf við framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða síðustu árin. Mest mun ég þó sakna samstarfsins við fráfarandi stjórn sem hefur staðið saman í gegnum þykkt og þunnt síðustu fjögur ár. En stærstu þakkirnar og söknuðinn fær þó framkvæmdastjóri vor Aðalsteinn Óskarsson sem hefur borið hitann og þungan af starfi Fjórðungssambandsins síðustu fjögur ár eins og árin þar á undan. Við Vestfirðingar erum sannarlega heppin að eiga mann eins og Aðalstein sem æ er vakinn og sofinn yfir hagsmunum Vestfirðinga og munum vonandi eiga um ókomin ár. Takk Aðalsteinn og takk kærri samstarfsmenn í stjórn Fjórðungssambandsins og takk sveitarstjórnarmenn.

Ég óska ykkur velfarnaðar í starfi næstu fjögur ár og vona að ykkur beri gæfa til að byggja áfram upp samstarf á Vestfjarðavísu.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Þingskjal 4b

Meningarráð Vestfjarða – kynning á Fjórðungsþingi, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 4c

Markaðsfulltrúi – kynning á Fjórðungsþingi, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 4d

AtVest – starfsskýrsla 2013, sjá samnefnt fylgiskjal.

AtVest – starfsáætlun 2014-2015, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 5

Verkefnastjóri Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum – kynning á Fjórðungsþingi, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 5a

Ársreikningur BsVest 2013, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 5b og 5c

Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun BsVest 2014 og fjárhagsáætlun 2015, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 6

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Fjórðungsmálanefndar

Vestfirðingar krefjast aðgangs að 21. öldinni

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 gerir þá skýlausu kröfu til stjórnvalda að staðið verði við fyrirheit allra stjórnsmálaflokka um að samgöngubætur á Vestfjörðum fái forgang í Samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma. Samfélag Vestfjarða líður fyrir það að vegir og fjarskipti eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gerist og gengur í nútímasamfélagi. Vestfirðingar krefjast aðgangs að 21. öldinni, til jafns við aðra landsmenn.

Brýnustu úrlausnarefnin eru:

1. Að ákveða og koma í framkvæmd vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60.
2. Að standa við áætlanir og fyrirheit um gerð Dýrafjarðarganga 2016-2019 og vinna samhliða

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

að endurgerð vegar um Dynjandisheiði.

3. Að vinna að uppbyggingu nýs vegar í Árneshrepp í áföngum, þar sem byrjað verði á vegi um Veiðileysuháls og Bjarnarfjarðarháls.

4. Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur komist inn á Samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.

Með þessum áföngum verður loks hægt að segja að allir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum og öll byggðarlög hafi komist í ásættanlegt vegasamband innan héraðs og við aðra landshluta.

Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir á að á meðan stór hluti vega á Vestfjörðum er ekki kominn með bundið slitlag, er mikilvægt að tryggja fjármuni til viðhalds. Viðhald vega er mikilvægur öryggisþáttur sem ekki má gleymast. Auk þess þarf að huga að endurbótum á vegum að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða, svo sem Látrabjargi, Dynjandisfossi, Trékyllisvík og Kaldalóni, til að styðja uppbyggingu ferðaþjónustu og auka öryggi vegfarenda.

Fjórðungsþing ályktar um láglandisveg um Gufudalssveit

Fjórðungsþing Vestfirðinga tekur undir samþykkt stjórnar FV frá 20. september og beinir því til stjórnvalda að ljúka án frekari tafa undirbúningi og ákvarðanatöku, svo hægt sé að hefja lagningu nýs láglandisvegar um Gufudalssveit (Vestfjarðavegur 60).

Stjórn Fjórðungssambandsins telur í þeim efnum, algjörlega óásættanlegt að tefja málið með því að kæra það til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þessi framkvæmd er grundvallaratriði fyrir öryggi vegfarenda og eflingu byggðar á Vestfjörðum og má ekki dragast meira en þegar er raunin. Sú óvissa sem uppi hefur verið um framkvæmdina síðustu árin er óþolandi, rétt eins og sú staðreynd að Vestfirðingar njóta enn ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að byggðir séu tengdar saman og við hringveginn með nútímalegum heilsársvegum. Það er krafa Vestfirðinga að það muni ekki bitna á öðrum nauðsynlegum samgönguverkefnum á Vestfjörðum, ef verkefnið verður kostnaðarsamara en að hefur verið stefnt hingað til.

Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Ljúka þarf lagningu slitlags á flugvöllinn í Gjögri. Fjármagn til endurbóta á flugvöllunum á Þingeyri, Bíldudal og Ísafirði hefur verið skorið niður við trog og verður ekki við það unað lengur. Þá minnir Fjórðungsþing á að mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekuð.

Um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði

Nýlegir atburðir sýna svo ekki verður um villst að hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu. Fjórðungsþing Vestfirðinga heitir á stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit um skjóta úrlausn þeirra mála. Lagning ljósleiðara frá botni Hrutafjarðar norður Strandir til Hólmavíkur og Drangsness þýðir að þessir þéttbýlisstaðir fái loks viðunandi aðgang að umheiminum. Tenging Strandabyggðar við Ísafjörð gegnum Djúpið lokar hringnum og þannig mun gagnaflutningsnet um Vestfirði verða grundvöllur bættra búsetuskilyrða á Vestfjörðum. Góð fyrirheit láta vel í eyrum, en efndir eru það sem þakka skal.

Um strandsiglingar

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld haldi vöku sinni og tryggi framhald sjóflutninga í kringum landið.

Þingskjal nr. 7

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Innanlandsflug

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 mótmælir harðlega niðurskurði þeim sem birtist í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 er snýr að flugvöllum og niðurgreiðslum til innanlandsflugs.

Það er mikið áhyggjuefni að framlög séu lækkuð um 5,2% til ISAVIA vegna flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu. Engin fyrirmæli eru um hvar eða hvernig skuli standa að lækkuninni og er því ISAVIA í sjálfsvald sett hvort flugvöllum verði lokað eða þjónusta skert. Ljóst er þó að einhvers staðar mun þessi lækkun koma fram. Í ofanálag lækka styrkir til innanlandsflugs um 4 m.kr., og hefur fjárlagaliðurinn lækkað um 90 m.kr. frá árinu 2009. Áætlunarflugvöllum hefur fækkað en kostnaður flugrekenda hefur hækkað á sama tíma. Til að bæta í skömmina þá hafa stjórnvöld á hverjum tíma tekið til sín sparnað vegna fækkunar áætlunarflugvalla, í stað þess að nýta fjárveitinguna til að halda öðru flugi í horfinu. Að óbreyttu stafar innanlandsfluginu mikil ógn af fyrirætlunum ríkisvaldsins sem birtast í fjárlögum 2015. Þar hljóta Vestfirðirnir að vera í hættu.

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur mikla áherslu á að þessi stefna sem sett er fram í fjárlagafrumvarpinu verði endurskoðuð, enda er innanlandsflugið lífæð landsins, bæði hvað varðar fólks- og vöruflutninga. Ljóst er að aukinn niðurskurður á þessu sviði hefði alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir landið allt. Fjórðungsþing hvetur jafnframt stjórnvöld til að kanna kosti þess að breyta reglugerðum þannig að hægt sé að færa fjármagn frá Keflavíkurflugvelli og inn í innanlandsflugið, enda hlýtur það að styðja við hvort annað, innanlandsflugið og millilandaflugið. Fordæmi fyrir slíku má meðal annars finna í Noregi.

Þingskjal nr. 8

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Málefni fatlaðs fólks

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 telur að málefnum fatlaðs fólks sé betur fyrir komið hjá sveitarfélögunum en hjá ríkisvaldinu. Ljóst er að aukið fjármagn þarf frá ríkinu til málaflokksins á Vestfjörðum til að sveitarfélögin geti veitt þá þjónustu sem full þörf er á, auk þess sem enn þarf að leiðrétta of lá framlög ríkisins fyrstu árin eftir yfirfærsluna. Líta þarf sérstaklega til þess að á strjálbýlli svæðum þar sem klæðskerasauma þarf lausnir fyrir þjónustuþega eru aðstæður aðrar en í þéttbýlinu. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að taka tillit til þessara aðstæðna nú við endurskoðun á tilfærslu málaflokksins og hækka framlög til sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Þingskjal nr. 9

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Húsnæðismál

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 bendir á nauðsyn þess að stjórnvöld séu samstíga heimamönnum á þeim svæðum Vestfjarða þar sem uppbygging er. Þetta á ekki hvað síst við um úrlausnir í húsnæðismálum, bætt aðgengi að lánsfé og lausnir á þeim vanda sem skapast þar sem mikill munur er á byggingarkostnaði og markaðsverði íbúða líkt og víða er á Vestfjörðum. Skortur á íbúðarhúsnæði er vandamál og mjög vantar upp á að lánastofnanir og þá sérstaklega Íbúðalánasjóður vinni í takt við hækkandi markaðsverð.

Þingskjal nr. 10

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Fjórðungsmálanefndar

Svæðisskipulag Vestfjarða

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 hvetur sveitarfélög á Vestfjörðum til að hefja sameiginlega vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði og gera ráð fyrir verkefninu við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna. Fjórðungsþing felur stjórn að taka saman greinargerð á grundvelli stefnumörkunar þingsins þar sem sett verði fram tillaga um umfang svæðisskipulags og kostnað við framkvæmd þess.

Þingskjal nr. 11

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Fjórðungsmálanefndar

Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 leggur til áframhald á samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða og aðkomu ríkisins að þeirri vinnu. Áætluninni er ætlað að fyrirbyggja hagsmunaaðreksstra og draga úr álagi á umhverfi vegna nýtingar, ásamt því að auka samkeppnishæfni svæðisins og snúa þannig við neikvæðri mannfjöldapróun síðustu 30 ára. Gerð nýtingaráætlunarinnar samræmist þeim ásetningi sveitarfélaga á Vestfjörðum að efla svæðið með sameiginlegri stefnumótun er byggi á styrkleikum svæðisins og þeim auðlindum sem þar er að finna, ekki síst á haf- og strandsvæðum.

59. Fjórðungsþing lýsir ánægju með að hafin er vinna að gerð frumvarps til laga um haf- og strandsvæðaskipulag þar sem litið er til frumkvæðis Vestfirðinga í málinu. Lögð er á áhersla að lögin tryggi fjárveitingu til framhalds vinnunnar við strandsvæðaskipulag á Vestfjörðum.

Þingskjal nr. 12

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Viðhald sauðfjárveikivarnargirðinga

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 skorar á Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að viðhalda sauðfjárveikivarnargirðingum á núgildandi varnarlinum. Vestfirðir eru hreint svæði þegar kemur að sauðfjársjúkdómum og til að svo verði áfram er sérstaklega mikilvægt að viðhald á sauðfjárveikivarnargirðingu úr Bitrufirði í Gilsfjörð verði til fyrirmyndar. Þar eru miklir hagsmunir í húfi fyrir bændur á svæðinu og sauðfjárrækt á landinu öllu, því sauðfé norðan Gilsfjarðarlínu er keypt til uppbyggingar á sauðfjárstofnum í öðrum

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

landshlutum þar sem skakkaföll hafa orðið. Í haust komu óvenju margir línubrjótar til réttar norðan varnarlínunnar og því ljóst að veita þarf auknu fjármagni til viðhalds.

Þingskjal nr. 13

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Sóknaráætlun landshluta

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2013 lýsir undrun og hneykslun á því að sóknaráætlanir landshlutanna skuli vera í uppnámi vegna þess að ekki er lagt fjármagn til þess verkefnis í frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2015. Fjármagn til sóknaráætlunar árið 2013 var samtals 400 milljónir og fyrirheit voru gefin um aukið framlag á næstu árum. Það vinnulag að fela landshlutum sjálfum að forgangsraða verkefnum til sóknar og uppbyggingar er til fyrirmyndar og mikilvægt að framhald verði þar á í góðri samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að fylgja þessu verkefni eftir af djörfung og dug og tryggja að framlag ríkisvaldsins til sóknaráætlana landshlutanna verði ekki lægra en árið 2013.

Þingskjal nr. 14

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Menningarmál

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 minnir á að menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga renna út í árslok 2014. Nauðsynlegt að nýir samningar til lengri tíma verði undirritaðir fyrir lok ársins og fjármagn tryggt til menningarmála, þannig að samfella geti orðið í starfi vestfirskra menningarstofnanna sem eru mjög aðþrengdar eftir niðurskurð á framlögum ríkisvaldsins til málaflokksins síðustu ár. Menningarsamningur við Vestfirði var fyrst gerður 2007 og hefur reynslan af honum og starfsemi Menningarráðs Vestfjarða verið til fyrirmyndar. Mikilvægt er að heildarfjármagn til menningarmála verði aukið verulega í nýjum samningum til að bæta upp þann niðurskurð sem orðið hefur og varðveita þann árangur sem náðst hefur í uppbyggingu og eflingu málaflokksins.

Greinargerð:

Niðurskurður á stuðningi við uppbyggingu og rekstur menningarstofnana á landsbyggðinni síðustu ár hefur orðið til þess að heildarframlög ríkisins til slíkrar uppbyggingar á Vestfjörðum hafa lækkað umtalsvert, meðal annars við tilfærslu á þeim fjármunum sem fjárlaganefnd úthlutaði áður beint á fjárlögum á grundvelli styrkumsókna til hennar. Um leið hafa framlög til menningarsamninga verið skorin niður ár frá ári.

Á Vestfjörðum hefur verið umtalsverð uppbygging á sviði lista og menningartengdrar ferðaþjónustu síðustu tvo áratugi og fjölbreytt söfn, setur og sýningar, hafa hafið starfsemi. Uppbygging er á mjög viðkvæmu stigi í mörgum þessara verkefna og nauðsynlegt að styrkja stoðir þeirra til að þau nái þeim árangri sem að er stefnt. Sum þessi verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu eru jafnframt lykilaðilar við uppbyggingu ferðaþjónustu á einstökum svæðum. Þau skapa sóknarfæri í þróun mennta- og rannsóknatengdrar ferðaþjónustu og hafa aðdráttarafl fyrir önnur verkefni og fólk sem starfar í skapandi greinum, s.s. listafólk og fræðimenn.

Með auknum framlögum tækist að skapa betra umhverfi fyrir starfandi listamenn, menningarstofnanir, söfn, setur og sýningar á Vestfjörðum. Mikilvægt er að efla rekstrargrunn þeirra, auk þess að efla og

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

styrkja samspil menningar, ferðapjónustu og fræða. Slík áhersla myndi auka möguleika Vestfjarða á að efla mannlíf og atvinnulíf með uppbyggingu menningarstarfsemi og skapa umhverfi fyrir jákvæða byggðapróun. Um leið skapast tækifæri fyrir vestfirskar menningarstofnanir til að taka virkan þátt í átaki yfirvalda ferðamála um bættu dreifingu ferðamanna um landið og uppbyggingu ferðapjónustu á Vestfjörðum allt árið um kring.

Þingskjal nr. 15

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Málefni Markaðsstofu Vestfjarða

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 mótmælir harðlega aðför ríkisvaldsins að markaðstofum landshlutanna með niðurskurði á fjárframlögum til þeirra, jafnhliða því sem þeim eru ætluð aukin verkefni í takt við mikla fjölgun ferðafólks. Markaðstofurnar eru lykilaðili í faglegu starfi, kynningu og uppbyggingu ferðapjónustu á landsbyggðinni. Frá árinu 2011 hafa framlög ríkisvaldsins til Markaðsstofu Vestfjarða lækkað um 13% miðað við tillögu í fjárlögum fyrir árið 2015.

Þingskjal nr. 16

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Orkumál

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 fagnar þeim áföngum sem náðst hafa og fyrirhugaðir eru samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 um jöfnun dreifingarkostnaðar raforku og hvetur stjórnvöld til að jafna þennan mun að fullu. Jafnframt skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á stjórnvöld að fara að tillögum starfshóps um jöfnun húshitunarkostnaðar sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytisins og skilaði niðurstöðum í Skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar í desember 2011. Auk þess sem auka þarf niðurgreiðslur til húshitunar til að jafna kostnað á milli svokallaðra kaldra svæða og þar sem hitaveitur eru, þarf ríkisvaldið einnig að styðja sveitarfélög til að vinna að framtíðarlausnum eins og t.d. lagningu hitaveitu til þéttbýlisstaða þar sem mögulegt er að ráðast í slíkar framkvæmdir.

Þingskjal nr. 17

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Allsherjarnefndar

Skortur á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014, bendir á það hróplega ósamræmi sem er á milli stefnu stjórnvalda í byggðamálum m.a. dreifingu opinberra starfa og hagræðingarstefnu stjórnvalda í fjárlögum. Ítrekað hefur það sýnt sig að framkvæmd hagræðingar hefur gengið nær starfssemi starfstöðva á landsbyggðunum en á höfuðstöðvum þeirra á höfuðborgarsvæði. Þekkt dæmi um viðbrögð stjórnenda stofnana er t.d. að vernda kjarnastarfsemi með vísan til lögbundins hlutverks og eru höfuðstöðvar eru því fremur varðar en starfsstöðvar. Stjórnendur fá heldur enga hvatningu eða stofnanir umbun vegna reksturs margra starfsstöðva er tekið tillit til mismunandi stöðu landsbyggðanna eftir því hvort um er að ræða varnarsvæði eða vaxtarsvæði.

Afleiðing þessa er hægfara fækkun starfa sem er í miklu ósamræmi við stefnu um fjölgun þeirra.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

59. Fjórðungsþing skorar á Alþingi að meta áhrif þessara þróunar í frumvarpi til fjárlaga 2015 og þróun mála á síðustu árum og gera tillögu um aukin framlög eftir því sem við á. Hægfara uppbygging starfa eru skýr skilaboð til íbúa landsbyggðanna um stefnu stjórnvalda í málefnum þeirra samhliða verkefnum er varða flutning stofnana.

Þingskjal nr. 18

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, vísað til Fjórðungsmálanefndar

Grunnskólamál

59. Fjórðungsþing haldið á Þingeyri þann 3.-4. október 2014 felur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að undirbúa og halda sérstakt málþing um grunnskólamál undir yfirskriftinni „Hvernig má efla grunnskólana“. Málþingið skal haldið haust 2014 og skal miða sérstaklega að sveitarstjórnarfólki á Vestfjörðum, en jafnframt vera opið öllu áhugafólki um skólamál á Vestfjörðum.

Þingskjal nr. 19

- Lagt fram af Sigurði Jóni Hreinssyni, vísað til Fjórðungsmálanefndar

Ályktun um Hvalárlínu

Staða raforkumála á Vestfjörðum er óásættanleg og verulega hamlandi fyrir framþróun á svæðinu. Vestfirðingar hafa horft til þess að með virkjun Hvalár verði stórbæting á afhendingaröryggi auk þess að það orkumagn sem til reiðu verður á svæðinu, mun stór aukast.

Við núverandi lagaumhverfi er hinsvegar ljóst að Landsnet mun ekki tengja Hvalárvirkjun án þess að leggja verulega íþyngjandi tengigjald á virkjunaraðilann. Sú leið sem helst má horfa til og höggvið getur á þann hnút, er að stofna hlutafélag um lagningu Hvalárlínu. Fordæmin eru til staðar, Spölur með Hvalfjarðargöng og Vaðlaheiðargöng hf í Eyjafirði.

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga beinir því til stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða að vera leiðandi í þeirri vinnu að ná saman hluthafahóp sem ýtt geta Hvalárlínu inn á framkvæmdastig.

Greinargerð:

Samkvæmt gildandi lögum um Landsnet, virðist það fyrirtæki ekki geta lagt rafmagnslínu frá virkjun í stærðarflokki á við Hvalá, nema sú lína sé innan við 10 km að lengd. Fari vegalengdin yfir þá kílómetratölu, leggur Landsnet á tengigjald. Allir sem hér eru staddir átta sig á því að 10 kílómetrar á Vestfjörðum gera ekki mikið. Sem dæmi má nefna að vegalengdin frá stærstu virkjun á Vestfjörðum, Mjólkárveirvirkjun að næsta þéttbýli er nálægt 30 km. Sú virkjun er samt ekki nema 1/3 af væntanlegri stærð Hvalárvirkjunar.

Mikilvægt er því að Vestfirðingar taki frumkvæðið í málinu.

Þingskjal nr. 20

- Lagt fram af Kristjáni Andra Guðjónssyni, vísað til Allsherjarnefndar

Línuviltun

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 krefst þess að þær skerðingar sem áttu sér stað á aflamarki til línuívilnunar í ýsu og steinbít verði afturkallaðar strax og línuívilnun í þessum tegundum verði færð úr 20% í 30%.

Greinargerð:

Þeir erfiðleikar sem smábátasjómenn á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir þar sem flestir firðir og flóar eru með mikið af ýsu en þorskur liggur mjög djúpt á veiðislóð smábáta gerir veiðar smábáta mjög erfiðar. 20% skerðing á aflamarki í ýsu á nýbyrjuðu fiskveiðiarí gerir alla sjósókn smábáta mjög erfiða. Að ætla að skerða línuívilnun ofan í skerðingu á aflamarki í ýsu er því galin. Skerðingu aflamarki mætti lina mikið með hækkun á línuívilnun í ýsu og steinbít.

Þingskjal nr. 21

- Lagt fram af Kristjáni Andra Guðjónssyni, vísað til Allsherjarnefndar

Strandveiðar

59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 fer fram á að sú misskipting varðandi fjölda veiðidaga á strandveiðum verði tafarlaust lagfærð.

Greinargerð:

Eins og staðan er í dag þá geta strandveiðibátar sem róa á svæði A sem nær frá miðjum Faxaflóa til og með Súðavíkurbreyppi aðeins róið 4 til 6 daga meðan önnur strandveiðisvæði eru með veiðidaga upp í 12 til 16 veiðidaga sömu mánuði.

Þingskjal nr. 22

- Lagt fram af Gísla Halldóri Halldórssyni, vísað til Allsherjarnefndar

Sjávarflóð, hættumat og strandsvæðaskipulag

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 hvetur stjórnvöld til að hrinda af stað samstarfsverkefni, t.d. á vegum Mannvirkja-, Viðlaga- og Skipulagssjóðs, um framkvæmd og endurskoðun sjávarflóðamats vegna skipulagsmála á svæðum sem búið gætu við flóðavá. Tilgangurinn væri að veita samræmda og faglega þjónustu til sveitarfélaga, sem hafa lögbundnar skyldur í þessum efnum. Fæst sveitarfélög hafa bolmagn til að framkvæma fullkomið sjávarflóðamat eins og nú háttar og nauðsynlegt að leita leiða til að jafna aðstöðumun þeirra.

59. Fjórðungsþing telur að með samræmingu verkefnisins minnki aðstöðumunur og gæði faglegra úrlausna sjávarflóðamats í skipulagi batni. Skipulagslög og -reglugerðir leggja auknar kröfur á sveitarfélög um gerð sjávarflóðamats vegna skipulags og aukin þekking, mælingar á breytingum í sjávarhæð og jarðskorpuhreyfingum og horfur um hækkun sjávarborðs gefa tilefni til endurskoðunar skipulagsáætlana sveitarfélaga hvað varðar sjávarflóðamat á lágsvæðum, byggðum sem óbyggðum.

Þingskjal nr. 23

Skýrsla fastanefndar FV um samgöngumál, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Þingskjal 24

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Innanlandsflug

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 mótmælir harðlega niðurskurði þeim sem birtist í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 er snýr að flugvöllum og niðurgreiðslum til innanlandsflugs.

Það er mikið áhyggjuefni að framlög séu lækkuð um 5,2% til ISAVIA vegna flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu. Engin fyrirmæli eru um hvar eða hvernig skuli standa að lækkuninni og er því ISAVIA í sjálfsvald sett hvort flugvöllum verði lokað eða þjónusta skert. Ljóst er þó að einhvers staðar mun þessi lækkun koma fram. Í ofanálag lækka styrkir til innanlandsflugs um 4 m.kr., og hefur fjárlagaliðurinn lækkað um 90 m.kr. frá árinu 2009. Áætlunarflugvöllum hefur fækkað en kostnaður flugrekenda hefur hækkað á sama tíma. Til að bæta í skömmina þá hafa stjórnvöld á hverjum tíma tekið til sín sparnað vegna fækkunar áætlunarflugvalla, í stað þess að nýta fjárveitinguna til að halda öðru flugi í horfinu. Að óbreyttu stafar innanlandsfluginu mikil ógn af fyrirætlunum ríkisvaldsins sem birtast í fjárlögum 2015. Þar hljóta Vestfirðirnir að vera í hættu.

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur mikla áherslu á að þessi stefna sem sett er fram í fjárlagafrumvarpinu verði endurskoðuð, enda er innanlandsflugið lífæð landsins, bæði hvað varðar fólks- og vöruflutninga. Ljóst er að aukinn niðurskurður á þessu sviði hefði alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir landið allt. Fjórðungsþing hvetur jafnframt stjórnvöld til að breyta reglugerðum þannig að hægt sé að færa fjármagn frá Keflavíkurflugvelli og inn í innanlandsflugið, enda hlýtur það að styðja við hvort annað, innanlandsflugið og millilandaflugið. Fordæmi fyrir slíku má meðal annars finna í Noregi.

Þingskjal 25

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Málefni fatlaðs fólks

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 telur að málefnum fatlaðs fólks sé betur fyrir komið hjá sveitarfélögunum en hjá ríkisvaldinu. Ljóst er að aukið fjármagn þarf frá ríkinu til málaflokksins á Vestfjörðum til að sveitarfélögin geti veitt þá þjónustu sem full þörf er á, auk þess sem enn þarf að leiðrétta of lág framlög ríkisins fyrstu árin eftir yfirfærsluna. Líta þarf sérstaklega til þess að á strjálbýlli svæðum þar sem klæðskerasauma þarf lausnir fyrir þjónustuþega eru aðstæður aðrar en í þéttbýlinu. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að taka tillit til þessara aðstæðna nú við endurskoðun á tilfærslu málaflokksins auk þess að með auknum verkefnum komi hækkað framlag til sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Þingskjal 26

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Húsnæðismál

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 bendir á nauðsyn þess að stjórnvöld séu samstíga heimamönnum á þeim svæðum Vestfjarða þar sem uppbygging er. Þetta á ekki hvað síst við um úrlausnir í húsnæðismálum, bætt aðgengi að lánsfé og lausnir á þeim vanda sem skapast þar sem mikill munur er á byggingarkostnaði og markaðsverði íbúða líkt og víða er á Vestfjörðum. Skortur á íbúðarhúsnæði er vandamál og mjög vantar upp á að lánastofnanir og þá sérstaklega Íbúðalánasjóður vinni í takt við hækkandi markaðsverð.

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Þingskjal 27

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Viðhald sauðfjárveikivarnargirðinga

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 skorar á Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að viðhalda sauðfjárveikivarnargirðingum á núgildandi varnarlínunum. Vestfirðir eru hreint svæði þegar kemur að sauðfjársjúkdómum og til að svo verði áfram er sérstaklega mikilvægt að viðhald á sauðfjárveikivarnargirðingu úr Bitrufirði í Gilsfjörð verði til fyrirmyndar. Þar eru miklir hagsmunir í húfi fyrir bændur á svæðinu og sauðfjárrækt á landinu öllu, því sauðfé norðan Gilsfjarðarlínu er keypt til uppbyggingar á sauðfjárstofnum í öðrum landshlutum þar sem skakkaföll hafa orðið. Í haust komu óvenju margir línubrjótar til réttar norðan varnarlínunnar og því ljóst að veita þarf auknu fjármagni til viðhalds.

Þingskjal 28

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Sóknaráætlanir landshluta

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 lýsir undrun og hneykslun á því að sóknaráætlanir landshlutanna skuli vera í uppnámi vegna þess að ekki er lagt fjármagn til þess verkefnis í frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2015. Fjármagn til sóknaráætlunar árið 2013 var samtals 400 milljónir og fyrirheit voru gefin um aukið framlag á næstu árum. Það vinnulag að fela landshlutum sjálfum að forgangsraða verkefnum til sóknar og uppbyggingar er til fyrirmyndar og mikilvægt að framhald verði þar á í góðri samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að fylgja þessu verkefni eftir af djörfung og dug og tryggja að framlag ríkisvaldsins til sóknaráætlana landshlutanna verði ekki lægra en árið 2013.

Þingskjal 29

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Menningarmál

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 minnir á að menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga renna út í árslok 2014. Nauðsynlegt er að nýir samningar til lengri tíma verði undirritaðir fyrir lok ársins og fjármagn tryggt til menningarmála, þannig að samfella geti orðið í starfi vestfirskra menningarstofnanna sem eru mjög aðþrengdar eftir niðurskurð á framlögum ríkisvaldsins til málaflokksins síðustu ár. Menningarsamningur við Vestfirði var fyrst gerður 2007 og hefur reynslan af honum og starfsemi Menningarráðs Vestfjarða verið til fyrirmyndar. Mikilvægt er að heildarfjármagn til menningarmála verði aukið verulega í nýjum samningum til að bæta upp þann niðurskurð sem orðið hefur og varðveita þann árangur sem náðst hefur í uppbyggingu og efla með markvissum hætti uppbyggingu málaflokksins.

Greinargerð:

Niðurskurður á stuðningi við uppbyggingu og rekstur menningarstofnana á landsbyggðinni síðustu ár hefur orðið til þess að heildarframlög ríkisins til slíkrar uppbyggingar á Vestfjörðum hafa lækkað umtalsvert, meðal annars við tilfærslu á þeim fjármunum sem fjárlaganefnd úthlutaði áður beint á fjárlögum á grundvelli styrkumsókna til hennar. Um leið hafa framlög til menningarsamninga verið skorin niður ár frá ári.

Á Vestfjörðum hefur verið umtalsverð uppbygging á sviði lista og menningartengdrar ferðaþjónustu síðustu tvo áratugi og fjölbreytt söfn, setur og sýningar, hafa hafið starfsemi. Uppbygging er á mjög

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

viðkvæmu stigi í mörgum þessara verkefna og nauðsynlegt að styrkja stöðir þeirra til að þau nái þeim árangri sem að er stefnt. Sum þessi verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu eru jafnframt lykilaðilar við uppbyggingu ferðaþjónustu á einstökum svæðum. Þau skapa sóknarfæri í þróun mennta- og rannsóknatengdrar ferðaþjónustu og hafa aðdráttarafl fyrir önnur verkefni og fólk sem starfar í skapandi greinum, s.s. listafólk og fræðimenn.

Með auknum framlögum tækist að skapa betra umhverfi fyrir starfandi listamenn, menningarstofnanir, söfn, setur og sýningar á Vestfjörðum. Mikilvægt er að efla rekstrargrunn þeirra, auk þess að efla og styrkja samspil menningar, ferðaþjónustu og fræða. Slík áhersla myndi auka möguleika Vestfjarða á að efla mannlíf og atvinnulíf með uppbyggingu menningarstarfsemi og skapa umhverfi fyrir jákvæða byggðapróun. Um leið skapast tækifæri fyrir vestfirskar menningarstofnanir til að taka virkan þátt í átaki yfirvalda ferðamála um bætt dreifingu ferðamanna um landið og uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum allt árið um kring.

Þingskjal 30

- Tillaga lögð fram af Allsherjarnefnd

Málefni Markaðsstofu Vestfjarða

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 mótmælir harðlega aðför ríkisvaldsins að markaðstofum landshlutanna með niðurskurði á fjárframlögum til þeirra, jafnhliða því sem þeim eru ætluð aukin verkefni í takt við mikla fjölgun ferðafólks. Markaðsstofurnar eru lykilaðilar í faglegu starfi, kynningu og uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Frá árinu 2011 hafa framlög ríkisvaldsins til Markaðsstofu Vestfjarða lækkað um 13% miðað við tillögu í fjárlögum fyrir árið 2015. Markaðsstofa Vestfjarða stendur frammi fyrir stóru verkefni til þess að auka hlutdeild Vestfjarða í heimsóknum erlendra ferðamanna og verður fjármagn til uppbyggingar á markaðsstarfi að vera í takt við þá þróun.

Þingskjal 31

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Orkumál

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 fagnar þeim áföngum sem náðst hafa og fyrirhugaðir eru samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 um jöfnun dreifingarkostnaðar raforku og skorar á stjórnvöld að jafna þennan mun að fullu. Jafnframt skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á stjórnvöld að fara að tillögum starfshóps um jöfnun húshitunarkostnaðar sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytisins og skilaði niðurstöðum í Skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar í desember 2011. Auk þess sem auka þarf niðurgreiðslur til húshitunar til að jafna kostnað á milli kaldra svæða og þar sem hitaveitur eru. Fjórðungsþing leggur þunga áherslu á að ríkisvaldið styðji við sveitarfélögin til að vinna að framtíðarlausnum eins og t.d. leit að heitu vatni og lagningu hitaveitu þar sem mögulegt er að ráðast í slíkar framkvæmdir, en slíkar aðgerðir geta leitt til lækkunar kostnaðar ríkisvaldsins til lengri tíma.

Þingskjal 32

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Skortur á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014, bendir á það hróplega ósamræmi sem er á milli stefnu stjórnvalda í byggðamálum m.a. með dreifingu opinberra starfa og hagræðingarstefnu stjórnvalda í fjárlögum. Ítrekað hefur það sýnt sig að framkvæmd hagræðingar hefur gengið nær starfssemi starfstöðva á landsbyggðunum en í höfuðstöðvum þeirra á

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

höfuðborgarsvæði. Þekkt dæmi um viðbrögð stjórnenda stofnana er t.d. að vernda kjarnastarfsemi með vísan til lögbundins hlutverks og eru höfuðstöðvar því fremur varðar en starfsstöðvar á landsbyggðinni auk þess sem tilhneiging er að varpa verkefnum samhliða yfir á sveitarfélögin án þess að fjármagn fylgi. Stjórnendur fá heldur enga hvatningu eða stofnanir umbun vegna reksturs margra starfsstöðva og ekki er tekið tillit til mismunandi stöðu landsbyggðanna eftir því hvort um er að ræða varnarsvæði eða vaxtarsvæði.

Afleiðing þessa er hægfara fækkun opinberra starfa sem er í miklu ósamræmi við stefnu um fjölgun þeirra á landsbyggðinni. 59. Fjórðungsþing skorar á Alþingi að meta áhrif þessarar þróunar í frumvarpi til fjárlaga 2015 og gera tillögu um aukin framlög eftir því sem við á.

Þingskjal 33

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Línuívilnun

59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 krefst þess að þær skerðingar sem áttu sér stað á aflamarki til línuívilnunar í ýsu og steinbít verði afturkallaðar strax og línuívilnun í þessum tegundum verði færð úr 20% í 30%.

Greinargerð:

Þeir erfiðleikar sem smábátasjómenn á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir þar sem flestir firðir og flóar eru með mikið af ýsu en þorskur liggur mjög djúpt á veiðislóð smábáta gerir veiðar smábáta mjög erfiðar. 20% skerðing á aflamarki í ýsu á nýbyrjuðu fiskveiðiári gerir alla sjósókn smábáta mjög erfiða. Að ætla að skerða línuívilnun ofan í skerðingu á aflamarki í ýsu er því galið. Skerðingu á aflamarki mætti lina mikið með hækkun á línuívilnun í ýsu og steinbít. Skerðing þessi leiðir einnig til fækkunar starfa við beitingu í landi.

Þingskjal 34

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Strandveiðar

59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 fer fram á að misskipting varðandi fjölda veiðidaga á strandveiðum verði tafarlaust lagfærð.

Greinargerð:

Eins og staðan er í dag þá geta strandveiðibátar sem róa á svæði A sem nær frá miðjum Faxaflóa til og með Súðavíkurbreppi aðeins róið 4 til 6 daga meðan önnur strandveiðisvæði eru með veiðidaga upp í 12 til 16 veiðidaga sömu mánuði.

Þingskjal 35

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Sjávarflóð, hættumat og strandsvæðaskipulag

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 hvetur stjórnvöld til að hrinda af stað samstarfsverkefni, t.d. á vegum Mannvirkja-, Viðlaga- og Skipulagssjóðs, um framkvæmd og endurskoðun sjávarflóðamats vegna skipulagsmála á svæðum sem búið gætu við flóðavá. Tilgangurinn væri að veita samræmda og faglega þjónustu til sveitafélaga, sem hafa lögbundnar skyldur í þessum

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

efnum. Fæst sveitarfélög hafa bolmagn til að framkvæma fullkomið sjávarflóðamat eins og nú háttar og nauðsynlegt er að leita leiða til að jafna aðstöðumun þeirra.

59. Fjórðungsþing telur að með samræmingu verkefnisins minnki aðstöðumunur og gæði faglegra úrlausna sjávarflóðamats í skipulagi batni. Skipulagslög og -reglugerðir leggja auknar kröfur á sveitarfélög um gerð sjávarflóðamats vegna skipulags og aukin þekking, mælingar á breytingum í sjávarhæð og jarðskorpuhreyfingum og horfur um hækun sjávarborðs gefa tilefni til endurskoðunar skipulagsáætlana sveitarfélaga hvað varðar sjávarflóðamat á lágsvæðum, byggðum sem óbyggðum.

Þingskjal 36

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Aflétting söluhafta á sauðfé

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið að Þingeyri dagana 3.-4. október skorar á Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Matvælastofnun að aflétta söluhöftum á sauðfé í Vestfjarðarhólfi vestra.

Greinargerð:

Samkvæmt núgildandi reglum um flutning á lifandi fé er varnarsvæðum skipt í þrjá flokka sbr. reglugerð nr. 651/2001, 1. Ósýkt varnarsvæði, til þessara svæða teljast varnarhólf þar sem riða hefur ekki fundist síðastliðin 20 ár.

Síðast er vitað um riðusmit í Vestfjarðarhólfi vestra 1984 og var þá allt fé skorið niður á Barðaströnd og fengu bændur að kaupa fé úr Strandasýslu 1986. Það eru því komin 30 ár frá síðasta tilfelli og ætti því ekkert að vera til fyrirstöðu að aflétta söluhöftunum.

Þingskjal 37

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Uppbygging alþjóðaflugvallar á Vestfjörðum

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014 skorar á stjórnvöld að hefja undirbúning að uppbyggingu alþjóðaflugvallar á Vestfjörðum. Í ljósi nálægðar við gjöful fiskimið, mikla uppbyggingu fiskeldis og aukins áhuga erlendra ferðamanna á fjórðungnum er alþjóðlegur flugvöllur mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum. Alþjóðlegur flugvöllur mun einnig jafna samkeppnisstöðu fjórðungsins við aðra landshluta sem og búsetuskilyrði á milli þeirra.

Þingskjal 38

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

Veidigjald

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014 krefst þess að veiðileyfagjald smábáta á makrílveiðum verði stórlega lækkað þar sem það stuðlar klárlega ekki að arðsemi sem þarf til að hægt sé að stunda makrílveiðar smábáta.

Greinargerð:

Ljóst má vera að það veiðileyfagjald sem smábátum er gert að greiða af makrílveiðum er ekki til þess fallið að efla makrílveiðar smábáta miðað við þann mikla startkostnað sem þarf til að veiðarnar geti

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

staðið undir sér. Sú ákvörðun sjávarútvegsráðherra að stöðva veiðarnar fyrirvaralaust gerði dæmið enn verra en ella hefði orðið ef veiðarnar hefðu mátt standa til dæmis út september.

Þingskjal 39

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

Bættar samgöngur á Vestfjörðum eru hagsmunir allra

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 gerir þá skýlausu kröfu til stjórnvalda að staðið verði við fyrirheit allra stjórnmalaflokka um að samgöngubætur á Vestfjörðum fái forgang í Samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma. Hagkerfi og vaxtarmöguleikar Vestfjarða líða fyrir það að vegir og fjarskipti eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gerist og gengur í nútímasamfélagi.

Brýnustu úrlausnarefnin eru:

1. Að ákveða og koma í framkvæmd vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60 eigi síðar en á árinu 2015.
2. Að standa við áætlanir og fyrirheit um gerð Dýrafjarðarganga 2016-2019 og að endurgerð vega um Dynjandisheiði verður flýtt eins og kostur er.
3. Að vinna að uppbyggingu nýs vegar í Árneshrepp í áföngum, þar sem byrjað verði á vegi um Veðileysuháls og Bjarnarfjarðarháls.
4. Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur komist inn á Samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.

Með þessum áföngum verður loks hægt að segja að allir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum og öll byggðarlög hafi komist í ásættanlegt vegasamband innan héraðs og við aðra landshluta. Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir á, að á meðan stór hluti vega á Vestfjörðum er ekki kominn með bundið slitlag, er mikilvægt að tryggja fjármuni til viðhalds. Viðhald vega er mikilvægur öryggisþáttur sem ekki má gleymast.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að farið verði í endurbætur á vegum að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða, svo sem Látrabjargi, Dynjanda, Trékyllisvík og Kaldalóni til að styðja uppbyggingu ferðaþjónustu og auka öryggi vegfarenda. Ljóst má vera að íslenskt þjóðfélag verður af miklum tekjum á ári hverju vegna vegaleysis á þessum stöðum.

Fjórðungsþing ályktar um láglandisveg um Gufudalssveit

Fjórðungsþing Vestfirðinga tekur undir samþykkt stjórnar FV frá 20. september síðastliðnum og beinir því til stjórnvalda að ljúka án frekari tafa undirbúningi og ákvarðanatöku, svo hægt sé að hefja lagningu nýs láglandisvegur um Gufudalssveit (Vestfjarðavegur 60) á árinu 2015.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur í þeim efnum, algjörlega óásættanlegt að tefja málið með því að kæra það til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þessi framkvæmd er grundvallaratriði fyrir öryggi vegfarenda og eflingu byggðar á Vestfjörðum og má ekki dragast meira en þegar er raunin. Sú óvissa sem uppi hefur verið um framkvæmdina síðustu árin er óþolandi og hamlandi fyrir uppbyggingu og vöxt atvinnulífsins á Vestfjörðum. Það er krafa Vestfirðinga að það muni ekki bitna á öðrum nauðsynlegum samgönguverkefnum á Vestfjörðum, ef verkefnið verður kostnaðarsamara en að hefur verið stefnt hingað til.

Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Ljúka þarf lagningu slitlags á flugvöllinn á Gjögri. Fjármagn til endurbóta á flugvöllunum á Þingeyri, Bíldudal og Ísafirði hefur

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

verið skorið niður við trog og verður ekki við það unað lengur. Þá minnir Fjórðungsþing á að mikilvægi Reykjavíkurlflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekað.

Um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði

Þrátt fyrir verulegar umbætur á nettengingum undanfarið hafa nýlegir atburðir sýnt svo ekki verður um villst að hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu. Fjórðungsþing Vestfirðinga heitir á stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit um skjóta úrlausn þeirra mála. Lagning ljósleiðara frá botni Hrutafjarðar norður Strandir til Strandabyggðar og Kaldrananeshrepp þýðir að þessi svæði fái loks viðunandi netsamband sem er forsenda áframhaldandi uppbyggingar á svæðunum. Tenging Strandabyggðar við Ísafjörð gegnum Djúpið lokar hringnum og þannig mun gagnaflutningsnet um Vestfirði verða grundvöllur bættra búsetuskilyrða á Vestfjörðum og auknu öryggi íbúa.

Um strandsiglingar

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld haldi vöku sinni og tryggi framhald sjóflutninga í kringum landið.

Þingskjal 40

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

Svæðisskipulag Vestfjarða

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 hvetur sveitarfélög á Vestfjörðum til að hefja undirbúning að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Fjórðungsþing felur stjórn að taka saman greinargerð á grundvelli stefnumörkunar FV þar sem sett verði fram tillaga um umfang svæðisskipulags og kostnað við framkvæmd þess.

Þingskjal 41

- Lagt fram af Fjórðungsnefnd

Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri dagana 3.-4. október 2014 leggur til áframhald á samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða og aðkomu ríkisins að þeirri vinnu. Áætluninni er ætlað að fyrirbyggja hagsmunarárekstra og draga úr álagi á umhverfi vegna nýtingar, ásamt því að auka samkeppnishæfni svæðisins og snúa þannig við neikvæðri mannfjöldaþróun síðustu 30 ára. Gerð nýtingaráætlunarinnar samræmist þeim ásetningi sveitarfélaga á Vestfjörðum að efla svæðið með sameiginlegri stefnumótun er byggi á styrkleikum svæðisins og þeim auðlindum sem þar er að finna, ekki síst á haf- og strandsvæðum.

59. Fjórðungsþing lýsir ánægju með að hafin er vinna að gerð frumvarps til laga um haf- og strandsvæðaskipulag þar sem litið er til frumkvæðis Vestfirðinga í málinu. Lögð er áhersla á að lögin tryggi fjárveitingu til framhalds vinnunnar við strandsvæðaskipulag á Vestfjörðum. Einnig er lögð áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaganna.

Þingskjal 42

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

Skólamál

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

59. Fjórðungsþing haldið á Þingeyri þann 3.-4. október 2014 felur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að undirbúa og halda sérstakt málþing um skólamál undir yfirskriftinni „Hvernig má efla skólana okkar“. Málþingið skal haldið veturinn 2014-2015 og skal miða sérstaklega að sveitarstjórnarfólki á Vestfjörðum, en jafnframt vera opið öllu áhugafólki um skólamál á Vestfjörðum.

Þingskjal 43

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

Ályktun um Hvalárvirkjun

59. Fjórðungsþing haldið á Þingeyri þann 3.-4. október 2014 skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir því að Hvalárvirkjun verði að veruleika því það mun verða mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf og framþróun Vestfjarða.

Þingskjal 44a

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2013, sjá samnefnt fylgiskjal.

Þingskjal 44b og 44c

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2014 og fjárhagsáætlun 2015.

59. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið 3. og 4. október á Þingeyri.

Rekstraráætlun Fjórðungssamband Vestfirðinga

	Áætlun 2015	Endursk áætlun 2014	Ársreikn 2013
Tekjur			
Framlög og verkefnaframlög	219.528.000	226.763.000	198.303.000
Samtals tekjur	219.528.000	226.763.000	198.303.000
Gjöld			
Laun og launatengd	46.600.000	44.043.000	17.377.000
Verkefni og skrifstofukostnaður	173.883.000	167.301.000	179.197.000
Samtals gjöld	220.483.000	211.344.000	196.574.000
Fjármagnstekjur	1.232.000	1.500.000	1.168.000
Rekstrarniðurstaða	277.000	16.919.000	2.897.000

Árstillag sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt 8. gr, samþykka FV, til FV og sameiginlegra stofnana atvinnu og byggðaðróunar á árinu 2015, verði kr 4.833,62 miðað við íbúatölu á Vestfjörðum 1. janúar 2014

Þingskjal 45

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Þinggerð 59. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2013, sjá fylgiskjal.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2014, sjá fylgiskjal.

Fjárhagsáætlun Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2015, sjá fylgiskjal.

Þingskjal 46

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda.

Laun stjórnar og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga miðast við hlutfall af þingfarakaupi. Laun stjórnar er föst mánaðarleg greiðsla en greitt er fyrir hvern fund í nefnd eða starfshópi.

- Laun formanns FV í dag verði 8% eða kr 52.116.- á mánuði
- Laun stjórnarmanns FV í dag verði 4% eða kr 25.201.- á mánuði.
- Laun formanns nefnda verði 4% eða kr 26.058.- fyrir hvern setinn fund
- Laun nefndarmanna verði 2% eða kr 13.029.- fyrir hvern setinn fund
- Laun formanns Menningarráðs verði 4,25% eða kr 27.686,-.
- Laun nefndarmanns Menningarráðs verði 3,25% eða kr 21.172,-.

Þingskjal 47

- Lagt fram af Kjörnefnd

Stjórn Fjórðungssambands:	Varastjórn:
Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbær	Jónas Þór Birgisson, Ísafjarðarbær
Ingibjörg Emilsdóttir, Strandabyggð	Áslaug Guttormsdóttir, Reykhólahreppur
Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbær	Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbær
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstaður	Pétur Georg Markan, Súðavíkurhreppur
Formaður:	
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð	Kristinn Marinósson, Tálknafjarðarhreppur

Heilbrigðisnefnd:	Varafulltrúar:
Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafjarðarbær	Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbær
Kristján G. Jóakimsson, Ísafjarðarbær	Hildur Halldórsdóttir, Ísafjarðarbær

Þinggerð 59. FJÓRDUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri

Sólrún Geirsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður	Hildur Elísabet Pétursdóttir, Ísafjarðarbær
Jón Hörður Elíasson, Kaldrananeshreppi	Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafjarðarhreppur
Kolfinna Guðmundsdóttir, Vesturbyggð	Ingibjörg Kristjánsdóttir, Reykhólahreppur

Fastanefnd um samgöngumál:	
Aðalfulltrúar:	Varafulltrúar:
Ísafjarðarsýsla	
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbær	Pétur Markan, Súðavíkurhreppur
Vestur – Barðastrandarsýsla	
Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppur	Magnús Jónsson, Vesturbyggð
Strandasýsla	
Ingibjörg Benediktsdóttir, Strandabyggð	Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppur
Austur- Barðastrandarsýsla	
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppur	Vilberg Þráinsson, Reykhólahreppur

Löggiltir endurskoðendur :	Endurskoðun Vestfjarða ehf
-----------------------------------	----------------------------

Menningarráð: (5)	
Aðalfulltrúar:	Varafulltrúar:
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafjarðarbær	Hildur Inga Rúnarsdóttir, Ísafjarðarbær
Kristján Andri Guðjónsson, Ísafjarðarbær	Fjölur Ásbjörnsson, Ísafjarðarbær
Viðar Guðmundsson, Strandabyggð	Ágúst Már Gröndal, Reykhólahreppur
Dagbjört Hjaltadóttir, Súðavíkurhreppur	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
Matthías Ágústsson, Vesturbyggð	Valgeir Ægir Ingólfssdóttir, Vesturbyggð

Lagt fram af kjörnefnd, framsögumaður: Arna Lára Jónsdóttir

Jón Gísli Jónsson, Margrét Jómundsdóttir, Magnús Jónsson, Martha Kristín Pálmadóttir.